

Ársskýrsla
lögreglustjórans á
höfuðborgarsvæðinu

2012

Ársskýrsla

2012



LÖGREGLUSTJÓRINN Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Útgefandi: Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu
www.lrh.is
www.facebook.com/logreglan
Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanaeild
Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson

Myndir: Foto.is sf.
Prentun: Litlaprent
Umbrot: Grafika
Útgefið í júlí 2013

Efnisyfirlit

EFLA ÞARF LÖGGÆSLUNA Í LANDINU	5
SKIPURIT	7
HELSTU MARKMIÐ LRH	8
EMBÆTTIÐ Í HNOTSKURN	10
HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	12
Manndráp og líkamsárásir	15
Skipulögð glæpastarfsemi	18
Fíkinefnamál	19
Alþjóðlegar lögregluaðgerðir	21
Sprengja í miðborginni	23
Fækkun umferðarslysa	24
Banaslys og hraðakstursbrot	26
Fréttir úr umferðinni	28
Innbrot og þjófnaðir	31
Rán og fjársvik	33
Kynferðisbrot og heimiilisofbeldi	36
Brunar og íkveikjur	38
Leit að strokufanga	40
Menningarnótt	42
Óvenjuleg verkefni	43
Lögreglan og samfélagsmiðlar	45
Hverfa- og svæðafundir	46
Eitt og annað	47
REKSTUR	50
Rekstrarreikningur	52
VIÐAUKAR	55





Efla þarf löggæsluna í landinu

Verkefnin á liðnu ári voru að vanda fjölbreytt og krefjandi. Nokkur atriði standa upp úr sem

ástæða er til að nefna sérstaklega. Í fyrsta lagi er það góður árangur við fækkun afbrota á flestum sviðum. Þvíráða margir samverkandi þættir líkt og skipulagðar aðgerðir gegn virkustu brotamönnunum, árangursríkt starf lögreglustöðvanna á höfuðborgarsvæðinu og aukin vitund og þátttaka íbúa í því verkefni að fækka afbrotum með t.d. virkri nágrannavörslu. Í öðru lagi tókst með samstilltu átaki lögreglunnar og annarra lykilaðila enn að fækka umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu, sem er mikið hagsmuna- og velferðarmál allra. Í þriðja lagi vil ég nefna aðgerðir og árangur við að takast á við þá samfélagslegu ógn sem felst í skipulagðri brotastarfsemi. Markvisst hefur verið unnið að því verkefni að stemma stigu við þessari ógn undanfarin ár og hefur það starf gengið vel. Árangur af þessu starfi er ekki bara sýnilegur hér á landi heldur hefur frábær árangur náðst í samvinnu við erlend lögreglulið, bæði á Norðurlöndunum og víðar um heim.

Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir erfiða rekstrarstöðu og stöðugan niðurskurð undanfarin ár. Sameining lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu 1. janúar 2007 skilaði þeim faglegu markmiðum sem að var stefnt eins og að framan er rakið og fjárhagslegri hagræðingu sömuleiðis eins og rakið er í þessari skýrslu. Rekstrarhagræðingin af sameiningu embættanna hefur því nýst vel til þess að takast á við niðurskurðarkröfu undanfarinna ára en sú inneign dugir ekki endalaust. Sem betur fer er nú ríkur skilningur á því að efla þurfi og styrkja löggæsluna í landinu.

Lögreglan nýtur mikils velvilja og trausts í samfélaginu. Það er okkur kappsmál að viðhalda því og raunar styrkja það enn frekar. Starfsmenn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sig frábærlega í öllum þeim krefjandi verkefnum sem þeim eru falin á hverjum degi eins og sjá má í þessari skýrslu. Það er lykillinn að góðum árangri.


Stefán Eiríksson lögreglustjóri




LÖGREGLAV

LÖGREGLAN

Skipurit



HELSTU MARKMIÐ LRH



Grundvallarmarkmið Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja í umdæmi hennar. Enn fremur að fækka brotum á höfuðborgarsvæðinu, líkt og fram kemur í stefnu embættisins, á nánar afmörkuðum sviðum (eignaspjöll, innbrot, þjófnaðir og líkamsárásir). Að þessu hefur verið unnið allt frá stofnun Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Haldið var áfram á sömu braut árið 2012 og gekk ágætlega. Sérstök ástæða er til að nefna fækkun innbrota, en á því sviði hefur náðst verulegur árangur undanfarin misseri. Um markmið embættisins má lesa frekar á lögregluvefnum í skýrslu um grundvallarstefnu og langtímaáætlun Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hún kom út fyrir nokkrum árum, en markmiðin eru enn í fullu gildi.


Nokkrir mælikvarðar eru til hliðsjónar þegar markmið Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru annars vegar. Tíðni afbrota, hlutfall upplýstra mála og málsmeðferðartími koma þar m.a. við sögu. Þá er traust almennings í garð lögreglu mælt árlega og jafnframt er kannað sérstaklega með öryggistilfinningu íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Embættið lét framkvæma slíka könnun í sumarbyrjun 2012, en niðurstöðurnar er að finna í skýrslunni *Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim*. Samnefnda skýrslu er finna á lögregluvefnum. Þar má einnig nálgast frekari upplýsingar um tölfræði, en síðla árs hófst útgáfa á afbrotatölfræði LRH. Tölfræðin er birt mánaðarlega og er liður í upplýsingamiðlun gagnvart almenningi.

Tilkoma lögreglunnar á Facebook hefur líka gert henni kleift að efla upplýsingamiðlun, en það er eitt af markmiðum embættisins. Mikilvægt er t.d. að miðla upplýsingum sem miða að því að draga úr afbrotum. Fækkun innbrota má ekki síst þakka almenningi, sem veitir upplýsingar þegar eftir því er leitað. Ótal dæmi eru um að ábendingar frá borgurum hafi komið lögreglu á sporið og orðið til þess að upplýsa mál. Líta má á fækkun allra brota sem sameiginlegt verkefni, en slíkt er vel mögulegt ef allir leggjast á eitt. Hér hafa verið rakin fáein atriði hvað varðar markmið, en árið 2012 lagði lögreglan mikla áherslu á aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Um það er fjallað sérstaklega í stefnu embættisins, en vel gekk að spyrna við fótum gegn starfsemi glæpagengja á Íslandi.



Embættið í hnotskurn

 Mannfjöldi |
  Hlutfall af höfuðb. sv. |
  Hlutfall af Íslandi |
  Hlutfall erlendra |
  Fjöldi ríkisfanga |
  Stærð í km² |
  Fjöldi grunnsk. |
  Fjöldi leiksk. |
  Fjöldi framhaldssk.

Stað	Mannfjöldi	Hlutfall af höfuðb. sv.	Hlutfall af Íslandi	Hlutfall erlendra	Fjöldi ríkisfanga	Stærð í km ²	Fjöldi grunnsk.	Fjöldi leiksk.	Fjöldi framhaldssk.
 Reykjavík	118.814	58,7%	37,2%	7,7%	127	274	45	99	10
 Hafnarfjörður	26.486	13,1%	8,3%	6,6%	79	147	9	18	2
 Garðabær	11.283	5,6%	3,5%	3,6%	55	62	6	10	1
 Kópavogur	31.205	15,4%	9,8%	5,6%	83	83	9	22	1
 Álftanes	2.419	1,2%	0,8%	*	*	5	1	2	0
 Seltjarnarnes	4.313	2,1%	1,3%	4,6%	34	2	1	2	0
 Mosfellsbær	8.854	4,4%	2,8%	3,8%	41	185	3	6	1
 Kjósarhreppur	220	0,1%	0,1%	5,5%	7	284	0	0	0

* Tölur ekki fyrirliggjandi

Heimild: Hagstofa Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið



Mannfjöldi

203.594



Hlutfall af Íslandi

63,7%



Hlutfall erlendra

6,7%



Fjöldi ríkisfanga

133



Stærð í km²

1.042



Fjöldi grunnsk.

74



Fjöldi leiksk.

159



Fjöldi framhaldssk.

15



319.575

100%

6,6%

137

103,125

174

289

34



255 karlar



48 konur

Lögreglumenn 303



27 karlar



59 konur

Borgaralegir starfsmenn 86

Fjöldi ökutækja í lok árs 2012



5

Merkar stórar bifreiðar



26

Merkar fólksbifreiðar



14

Ómerktar fólksbifreiðar



11

Bifhjól

Samtals 56

Akstur ökutækja í kílómetrum árið 2012



1.008.931

Akstur merktra ökutækja



263.972

Akstur ómerktra ökutækja



84.348

Akstur bifhjóla

Samtals 1.357.251

HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

24. maí

MISSKILNINGUR

Sem betur fer eru útköll lögreglu stundum byggð á misskilningi. Þannig var því t.d. farið í gær þegar tilkynning barst um byssumann á ferli á höfuðborgarsvæðinu. Brugðist var skjótt við enda málið litið mjög alvarlegum augum. Fljótt kom hins vegar á daginn að ekki var hætt á ferðum enda var um leikfangabyssu að ræða. Ástæðan fyrir vopnaburðinum mun hafa verið sú að „byssuna“ ætlaði maðurinn að nota í atriði í stuttmynd.

lh.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt sínu striki árið 2012. Verkefni hennar voru fjölmörg og ekki öll hefðbundin. Á árinu var tilkynnt um torkennilegan hlut í miðborginni, en rannsókn leiddi í ljós að um leifar af sprengju var að ræða. Málið var litið mjög alvarlegum augum og allt kapp var lagt á að upplýsa það. Svo fór að karl á áttæðisaldri var handtekinn í þágu rannsóknarinnar og játaði hann aðild sína að málinu. Tilgangur mannsins var ekki að valda skaða heldur vildi hann koma ákveðnum skilaboðum á framfæri til stjórnvalda. Leit Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að refsifanga, sem strauk frá Litla-Hrauni, vakti sömuleiðis mikla athygli. Embættið tók yfir leitina, sem var mjög umfangsmikil, en á flóttanum stal fanginn skotvopni. Leitað var víða á Suðurlandi, en fanginn var jafnframt hvattur til að gefa sig fram, sem og hann gerði á endanum.

Ofbeldi kom við sögu í mörgum málum þar sem lögreglan var kölluð til, en nær þriðjungur allra líkamsárása á sér stað í miðborg Reykjavíkur í kringum skemmtanahald eftir miðnætti um helgar. Fjöldi alvarlegra líkamsárása á höfuðborgarsvæðinu hefur samt verið svipaður undanfarin ár. Líkamsárásir vekja gjarnan óhug og svo var líka árið 2012, enda voru sumar þeirra mjög hrottalegar. Starfsmaður lögmansstofu í austurborginni var stunginn nokkrum sinnum áður en samstarfsfélagi kom honum til bjargar. Árásarmaðurinn, sem var handtekinn á staðnum, kom vopnaður hnifi á lögmansstofuna. Eggvopn kom líka við sögu í líkamsárásarmáli í Kópavogi, en þar veitti unglingspiltur konu áverka með

14. september

KONA Í NAUÐUM

Kona á þritugsaldri lenti í verulegum vandræðum á höfuðborgarsvæðinu í nótt. Hún hafði gleymt húskylinum og komst því ekki inn til sín. Konan dó samt ekki ráðalaus og ákvað að klifra upp á þakskyggni hússins og freista þess að komast inn um glugga sem þar er fyrir ofan. Hún náði að komast að glugganum en þá skyndilega vandaðist málið því annað hvort var glugginn of lítil eða konan of stóri! Þegar hér var komið sögu treysti konan sér ekki til að klifra sömu leið niður aftur og var því fóst ofan á þakskyggninu. Ástandið var tvísýnt en þegar neyðin er stærst þá er hjálpin næst og svo var einnig í þessu tilviki. Það vildi konunni til happs að hún var með síma og gat því hringt í lögregluna. Laganna verðir brugðust skjótt við en mátu síðan stöðuna þannig að betra væri að fá slökkviliðið á staðinn með góðan stiga, fremur en að reyna sjálfir að klöngrast upp á þakskyggnið. Komið var með stigann á vettvang von bráðar og konunni síðan hjálpað niður á jafnsléttu. Henni varð ekki meint af en konan hugðist í framhaldinu ætla að gera aðrar og skynsamlegri ráðstafanir til að komast inn til sín. Hvað í því fólst er ekki alveg vitað en sennilega hefur það gengið eftir því lögreglan var ekki kölluð aftur að húsínu það sem eftir lífi nærur.

lrh.is

hnífi. Eitt manndrápsmál var til rannsóknar hjá embættinu árið 2012. Morðinginn tilkynnti um það sjálfur, en fórnarlambið, kona á fertugsaldri, fannst látin á heimili hans í Hafnarfirði. Á konunni voru áverkar eftir eggvopn.

Aðgerðir gegn vélhjólagergjum héldu áfram árið 2012. Höfð voru afskipti af meðlimum bæði Hells Angels og Outlaws, en mikil áhersla var lögð á að spyrna við fótum gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Margir meðlima vélhjólagergjanna voru handteknir á árinu, en brugðist var hart við þegar fréttist af fyrirhuguðum hefndaraðgerðum þeirra gegn einstaka lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra. Af þeirri ástæðu var ráðist í tiltekna aðgerð, sem hátt á áttunda tug lögreglumanna frá nokkrum lögregluembættum tók þátt í. Barátta lögreglunnar gegn skipulagðri glæpastarfsemi var hins vegar ekki bundin við vélhjólagergin. Hópar fleiri misindismanna voru handteknir á árinu, en rannsóknir embættisins sneru m.a. að innbrotum, þjófnuðum, líkamsmeiðingum og hótunum. Fjölmargar húsleitir voru framkvæmdar í tengslum við áður nefndar aðgerðir, en í þeim var hald lagt á ýmsan varning.

Að venju voru fjölmörg fíkniefnamál til rannsóknar á árinu. Það umfangsmesta var unnið í samvinnu við lögregluþyriröld í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Europol hafði einnig aðkomu að málinu, en Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu naut enn fremur liðsinnis fleiri lögregluembætta hér heima, sem og tollyfirvalda, við rannsóknina. Hald var lagt á tugi kílóa af fíkniefnum, en hópur Íslendinga var handtekinn í Danmörku og Noregi í tengslum við málið. Hvergi var



30. mars

BRÚÐKAUPSNOTTIN

Verkefni lögreglunnar eru af ýmsum toga en eitt af þeim tengist hávaða í heimahúsum. Talsvert er kvartað undan hávaða frá gleðskap á höfuðborgarsvæðinu og þá gjarnan um helgar þó slíkt eigi líka oft við hina fimm daga vikunnar. Eina helgina fyrir nokkru barst kvörtun af þessu tagi en þá voru íbúar í ónefndu fjölbylishúsi orðnir þreyttir á hávaða og látum sem bárust frá íbúð í húsinu þá nóttina. Lögreglan hélt á staðinn og átti allt eins von á því að fjörukt og fjölmennt partí væri þar í gangi. Ekki reyndist það alveg raunin því innandyra voru tvær manneskjur, karl og kona. Um var að ræða brúðhjón en ekki var talið að hávaðann og lætin mætti rekja til ósættis þeirra enda hveitibrauðsdagarnir nýhafnir. Nei, hljóðin í blokkinni reyndust stafa af öðrum athöfnum fólksins. Hér verður ekki farið út í smáatriði málsins en þó má segja að hvílubrögð brúðhjónanna voru ekki refsiverð. Hávaðinn og lætin sem þeim fylgdu kunna þó að hafa verið brot á lögreglusamþykkt en engu að síður var ákveðið að aðhafast ekkert frekar í málinu. Engar frekari kvartanir bárust lögreglu eftir að hún yfirgaf vettvang en hætt er við að brúðhjónin gleymdi seint þessari heimsókn laganna varða.

lrh.is

gefið eftir í baráttunni við fíkniefnabölið, en liður í því er að koma í veg fyrir innflutning fíkniefna til Íslands. Áfram var lögð áhersla á að stöðva sölu og dreifingu fíkniefna, sem og framleiðslu þeirra hér innanlands. Kannabísræktun var stöðvuð á ótal stöðum í umdæminu, en menn virðast seint ætla að láta sér segjast í þeim efnum. Lögreglan rannsakaði einnig mál þar sem grunur var um framleiðslu annarra fíkniefna, en hald var lagt á verulegt magn af tækjum og efnum vegna þessa.

Allmörg rán voru framin á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en söluturnar urðu gjarnan fyrir barðinu á ræningjum. Þeir höfðu í hótunum við starfsfólk og ógnuðu því með hnífum eða einhvers konar bareflum. Í einu tilviki kom ræningi í söluturn vopnaður skammbyssu og hleypti af skoti. Engin kúla reyndist vera á vettvangi, en þar fannst hins vegar notað skothylki. Rannsókn leiddi í ljós að um púðurskot var að ræða. Eitt fórnarlamb ræningja var bundið á höndum og fótum og neytt af tveimur mönnum til að afhenda peninga, en þeir síðarnefndu höfðu einnig á brott með sér muni af heimili brotáþola.

Árið 2012 var að mörgu leyti gott frá sjónarhóli lögreglunnar, en þar vóg þungt að innbrotum fækkaði í umdæminu. Um var að ræða jákvæða þróun og megi hún halda áfram lengi enn.

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu gekk líka að mestu áfallalaust, en þar skyggðu vissulega á tvö banaslys. Færri slösuðust hins vegar í umferðinni en árið á undan. Af því sem hér hefur verið rakið í stuttu máli má ljóst vera að starfsmenn embættisins höfðu í mörg horn að líta á árinu. Hér á eftir er farið frekar yfir helstu verkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2012. Tekið skal fram að tölfræði embættisins fyrir sama tímabil er að finna í skýrslunni *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu* (útgef. 2013).



31. maí

STRÍPALINGAR Í UMFERÐINNI

Einhver ónáttúra hljóp í fjóra unga karla í Grafarvogi á tólfta tímanum í gærkvöld. Piltarnir fóru úr hverri spjör og tóku síðan upp á því að hlaupa naktir um Strandveg á móts við Gufunesbæ. Vegfarendum blöskraði eðlilega þessi háttsemi og ökumenn spörðu ekki bílflautuna. Lögreglan fór á vettvang eftir að tilkynning barst um málið en þá höfðu strípalingarnir klætt sig aftur í fötin og haft sig á brott. Ekki er vítað hvað þeim gekk til með þessu uppátæki. Að sögn sjónarvotts veifuðu mennirnir ýmist höndunum á meðan á þessu stóð eða héldu fyrir sitt allra heilagasta. Mögulega finnst einhverjum svona fíflaskapur fyndinn en það hefði orðið heldur neyðarlegt, svo ekki sé nú talað um hættuna, að verða fyrir bil við þessar aðstæður.

lrh.is

Manndráp og líkamsárásir

Snemma í febrúar kom maður á þrítugsaldri á lögreglustöðina í Hafnarfirði og greindi frá atviki, sem hafði átt sér stað á heimili hans í bænum. Framburður hans var um margt óljós, en strax var haldið heim til mannsins og þar í svefnherbergi fannst kona á fertugsaldri. Hún var látin þegar að var komið, en á henni voru sjáanlegir áverkar. Konan var gestkomandi á heimili mannsins, en þau höfðu þekkt um hríð. Lagt var hald á eggvopn í þágu rannsóknarinnar og tilkynnandi handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Maðurinn var í annarlegu ástandi við komuna á lögreglustöð, en hann hafði áður komið við sögu hjá lögreglu. Rannsókn leiddi í ljós að maðurinn hafði banað konunni, en á líkama hennar var að finna allmörg stungu- og skurðsár. Sem betur fer eru morð fátíð á höfuðborgarsvæðinu, en þetta var eina manndrápsmálið sem var til rannsóknar hjá embættinu árið 2012.

Alvarlegar líkamsárásir (218. gr. alm. hegningarlaga) voru ívið fleiri en undanfarin ár, eða um 120. Um fjölgun var jafnframt að ræða þegar talin voru öll ofbeldisbrot, en árið 2012 voru þau rúmlega 700. Hnifar komu iðulega við sögu í alvarlegum málum og oft mátti mjög litlu muna að ekki hlytist af bani. Í lok júlí var karl á þrítugsaldri stunginn með hnífi í næsta nágrenni við lögreglustöðina á Hverfisgötu í Reykjavík. Í tilkynningu um málið til lögreglu var árásarþoli sagður meðvitundarlaus,

18. maí

KLÓSETTRAUNIR

Margir þekkja þá óþægilegu tilfinningu að hafa læst sig úti. Öllu sjaldgæfara er að fólki sé óvart læst inni en kemur þó fyrir. Sú var einmitt raunin með ónefnda konu á höfuðborgarsvæðinu en konan býr í fjölbýlishúsi. Konan þurfti skyndilega að sinna kalli náttúrunnar og fór þá auðvitað á klósettið. Hún lokaði hurðinni á eftir sér, læsti og sinnti síðan erindinu. Þegar því var lokið hugðist konan snúa sér að öðrum verkum annars staðar í íbúðinni. En þá vandaðist málið því konan gat ekki opnað hurðina saman hvað hún reyndi. Í þeirri erfiðu stöðu var fátt annað að gera en að hrópa og kalla eftir hjálp og það gerði konan. Nágrannar heyrðu til hennar án þess þó að gera sér fulla grein fyrir aðstæðum á vettvangi. Hringt var í lögregluna sem brást skjótt við en þegar hún kom á staðinn hafði konan náð að brjóta sér leið út af klósettinu. Ekki er talið að konunni hafi orðið meint af en einhverjar skemmdir urðu á hurðinni.

lh.is


en honum var í snarhasti komið undir læknishendur. Árásarmaðurinn, einnig karl á þrítugsaldri, var handtekinn skammt frá vettvangi. Sá var blóðugur á höndum. Atlagan var lífshættuleg, en hnífnum var stungið í brjóst fórnarlambins. Skömmu fyrir árásina voru báðir mennirnir samankomnir í húsi í borginni, en ekki er vitað hvað þeim fór á milli.

Innheimta minni háttar skuldar virðist hafa verið tilefni hrottalegrar líkamsárásar á lögmannsstofu í austurborginni í mars. Karl á fertugsaldri var handtekinn á vettvangi, en sá hafði veitt tveimur starfsmönnum lögmannsstofunnar áverka með eggvopni. Annar mannanna, karl um sextugt, slasaðist mjög alvarlega, en hann var stunginn nokkrum sinnum áður en samstarfsfélagi kom honum til bjargar. Bjargvætturinn, karl á fimmtugsaldri, slapp betur, en þurfti engu að síður að leita lækniástoðar eftir átökin þar sem hann yfirbugaði árásarmanninn. Sá síðarnefndi var allsgáður þennan örlagaríka dag, en árásarmaðurinn kom vopnaður hnífi á lögmannsstofuna. Engin fyrri samskipti höfðu átt sér stað á milli árásarmannsins og þess sem fyrir árásinni varð. Spurður um verknaðinn síðar, sagðist árásarmaðurinn hafa almennt andúð á lögfræðingum.

Stór hluti líkamsárása á höfuðborgarsvæðinu á sér stað í miðborginni, eins og áður hefur komið fram. Nótt eina í október var lögreglan kölluð í Kvosina, en þar var hópur manna í átökum. Slagsmálin voru afstaðin þegar komið var á vettvang og upphafsmenn þeirra hvergi sjáanlegir. Einhverjir voru samt sárir eftir, en sá sem varð verst úti var stunginn í höfuðið með skærum. Skæri eru vitaskuld ætluð til annarra hluta, en fátt kemur lögreglu lengur á óvart þegar vopn og barefli í líkamsárasmálum eru annars vegar. Hnefunum er líka óspart beitt, en afleiðingar þess geta sömuleiðis verið skelfilegar. Oftast eru karlar gerendur, en konur koma þar líka við sögu. Snemma árs fóru nokkrar konur inn á heimili á höfuðborgarsvæðinu og veittust að húsráðanda með svívirðilegum hætti. Árásarþoli var sleginn, neyddur til að fækka fötum og af honum var rakað hárið, en einn árásarmannanna hafði meðferðis búnað til verksins.



Sumir hrottanna hafa ítrekað komið við sögu hjá lögreglu. Í þeim hópi voru tveir menn, sem eiga að baki slóð afbrota. Báðir áttu þeir hlut að máli í mjög grófri líkamsárás í Mosfellsbæ í ársbyrjun. Fleiri illmenni voru reyndar með í för, en tvímenningarnir voru taldir vera höfuðpaurar hópsins, sem fór til fundar við aðra menn í fjölbýlishúsi í fyrrnefndum bæ. Erindið virðist hafa snúist um óuppgerðar sakir, en til harðra átaka kom í íbúð í húsinu. Á vettvangi fundust barefli af ýmsu tagi og má þar nefna handlóð og golfkylfur, en einn árárþola hlaut beinbrot eftir viðskipti sín við gestina.



21. maí

ÖLVÆÐUR

UTANBÆJARMÆÐUR

Bjölluónæði er hvítleitt og ekki síst ef það á sér stað að næturlagi. Lögreglan er stundum kölluð til í slíkum málum og svo var einmitt raunin þegar íbúum fjölbýlishúss í Kópavogi var nóg boðið. Þar hafði maður á miðjum aldri ýtt á flestar ef ekki allar dyrabjöllur hússins með tilheyrandi ónæði fyrir íbúana. Enginn þeirra þekkti til mannsins og ekki var vítað hvað honum gekk til enda maðurinn þvoglumæltur mjög og því fóru útskýringar hans fyrir ofan garð og neðan. Lögreglumenn á vettvangi sáu hins vegar strax að maðurinn hafði fengið sér hressilega neðan í því og hafði bara villst af leið. Hann átti vísa gistingu á hóteli í miðborg Reykjavíkur og taldi sig vera að reyna að komast inn á þetta sama hóteli. Manninum var ekið þangað en hann hugðist halda til síns heima á landsbyggðinni daginn eftir. Sjálfsgaetningur hefur það gengið brósuglega því maðurinn var orðinn auralaus þegar lögreglan ók honum á hótelið en hann sagðist hafa sóluðað öllum peningunum sínum í vín og villtar meyjar fyrr um kvöldið.

lrh.is

Skipulögð glæpastarfsemi

Lögreglan hélt áfram að fylgjast með vélhjólateggjum á borð við Outlaws og Hells Angels. Viðhaft var eftirlit með starfsemi þeirra og á árinu var gripið til aðgerða gegn þeim þegar svo bar undir. Mat lögreglu er að aðgerðir hennar hafi skilað árangri og má nefna að meðlimum gengjanna hefur fækkað. Árangurinn er ekki tilviljun, en frá árinu 2011 hefur baráttan gegn skipulagðri glæpastarfsemi verið tekin einkar föstum tókum. Hópur lögreglumanna frá embættinu hefur helgað sig verkefninu, en notið þar líka góðrar samvinnu við önnur lögregluembætti, auk tollyfirvalda. Sérstaklega ber að nefna Lögregluna á Suðurnesjum hvað þetta varðar. Fjöldi refsímála hefur verið rekinn fyrir dómstólum í kjölfar afskipta lögreglu af hópum og einstaklingum, sem taldir eru tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Í mörgum málum hafa þungir fangelsisdómar gengið.

Á haustmánuðum var tvisvar ráðist í viðamiklar aðgerðir gegn meðlimum vélhjólateggja. Tugir manna voru handteknir og hald var lagt á fíkniefni, stera, skotvopn og sprengiefni, svo fátt eitt sé nefnt. Seinni aðgerðin, sem var sameignlegt verkefni nokkurra lögregluembættanna, var öllu umfangsmeiri, en þá var ráðist í húsleitir á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og í Árnassýslu. Á áttunda tug lögreglumanna var þá kallaður á vettvang, auk starfsmanna tollgæslunnar sem aðstoðuðu við húsleitir með sérþjálfuðum hundum. Tílefni seinni lögregluáðgerðanna var rökstuddur grunur lögreglu um fyrirætlanir meðlimanna um hefndaraðgerðir gegn einstaka lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra. Rannsókn lögreglu sýndi að grunur hennar reyndist réttur.




6. júní

MÆDGIN

SELDU FÍKNIEFNI

Kona á sextugsaldri hefur viðurkennt að hafa staðið að framleiðslu og sölu fíkniefna. Hún játaði sök við yfirheyrslu eftir að lögreglan hafði stöðvað kannabisræktun á heimili hennar í vesturbæ Reykjavíkur í síðustu viku en þar var einnig að finna talsvert af tilbúnu marijúana. Sonur konunnar var einnig yfirheyrður í þágu rannsóknarinnar en hann mun hafa komið að sölu fíkniefnanna. Konan, sem upplýsti að kannabisræktunin hefði staðið yfir í nokkurn tíma, var mjög ósátt með afskipti lögreglu og taldi að laganna verðir ættu frekar að einbeita sér að þeim sem væru stórtækir við framleiðslu og sölu fíkniefna. Sjálf væri hún ekki í þeim hópi.

lh.is



Fíkniefnamál

Fíkniefnabrotum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði árið 2012, og þá einkum málum sem varða vörslu og meðferð fíkniefna. Málum tengdum framleiðslu fíkniefna fækkaði hins vegar á árinu, en hafa ber hugfast að þeim fjölgaði mikið árin á undan. Af fíkniefnum má nefna að minna var haldlagt af amfetamíni árið 2012 í samanburði við árið á undan. Tölur um fjölda mála í umdæminu og magn fíkniefna segja þó ekki alla söguna hvað varðar embættið, því Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kemur að rannsóknum fíkniefnamála um allt land og tekur yfir rannsóknir slíkra mála þegar svo ber undir. Áfram var lögð mikil áhersla á að stöðva sölu og dreifingu fíkniefna, sem og framleiðslu þeirra hér innanlands. Jafnframt var unnið ötullega að því að koma í veg fyrir innflutning fíkniefna til Íslands, og oft með góðum árangri. Lykillinn að því var góð samvinna lögregluliðanna og fleiri stofnana samfélagsins.

Um miðjan apríl voru þrjár Pólverjar handteknir í tengslum við rannsókn á innflutningi á nokkrum kílóum af amfetamíni. Það voru tollverðir á Keflavíkurflugvelli sem komust á snoðir um málið, en þeir sýndu mikla árvekni og góð vinnubrögð þegar málið uppgötvaðist. Einn mannanna var handtekinn í flugstöðinni, en hinir tveir þegar þeir voru á leið til Reykjavíkur.

15. mars

SKIPULÖGÐ BROTASTARFSEMI- GÆSLUVARÐHALD TIL 21. MARS

Fjórir karlar voru í dag í Héraðsdómi Reykjaness úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 21. mars að kröfu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og er það gert á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Þeir voru handteknir í gær í tengslum við rannsókn lögreglunnar á skipulagðri brotastarfsemi en rannsóknin snýr að líkamsmeiðingum, hótunum, innbrotum og þjófnum. Mennirnir eru á þrítugs- og fertugsaldri og einn er undir títugu. Þeir hafa allir áður komið við sögu hjá lögreglu, mismikið þó.

Eins og fram hefur komið framkvæmdi lögreglan átta húsleitir í gærmorgun á heimilum og í fyrirtækjum í tengslum við rannsókn hennar á skipulagðri brotastarfsemi. Þá voru fimm handteknir og lagt var hald á meint þýfi og fíkniefni. Einum fimmmenninganna var sleppt úr haldi en hinir fjórir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald, eins og að framan greinir. Tveir karlar til viðbótar voru handteknir í gær og yfirheyrðir í þágu rannsóknarinnar.

lrh.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók yfir rannsóknina, sem var unnin í samvinnu við Lögregluna á Suðurnesjum og töllyfirvöld. Premeningarnir, sem voru handteknir sama dag og þeir komu með flugi til Íslands, sátu vikum saman í gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknarinnar. Fleiri fíkniefnasmyglarar voru gripnir á flugvælinum, en rúmum mánuði eftir heimsókn Pólverjanna var stöðvaður þar farþegi frá Kaupmannahöfn. Í tösku hans var að finna fíkniefni, en taskan var send til sérstakrar rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fíkniefnunum var haganlega komið fyrir, en oft reyna smyglarnir að sýna mikla útsjónarsemi þegar hin skaðlegu efni eru annars vegar.

Sem fyrr stöðvaði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ótal kannabisræktanir í umdæminu. Á undanföllum misserum hefur jafnframt orðið sú breyting að þær er æ oftar að finna í íbúðarhúsnæði. Íbúðir í fjölbýlishúsum eru þar ekki undanskildar, en árið 2012 stöðvaði lögreglan t.d. kannabisræktun á tveimur stöðum í sama fjölbýlishúsinu. Ræktanirnar voru samt ótengdar og sömuleiðis mennirnir sem að þeim stóðu. Þrátt fyrir nábyli við kannabisræktun getur verið snúið að greina ummerkin. Allt er gert til að fela starfsemina og því eru nágrennar algjörlega grunlausir. Í mörgum tilvikum er sá sem að ræktuninni stendur jafnvel búsettur annars staðar og notar íbúðina í þeim eina tilgangi að rækta í henni kannabisplöntur. Þá er gjarnan um leiguíbúðir að ræða, sem verða iðulega fyrir skemmdum vegna þessa. Oft býr samt ræktandinn í íbúðinni þar sem hún fer fram. Heimilisáðstæður eru misjafnar, en dæmi eru um kannabisræktanir þar sem börn eru búsett.

Í september fann lögreglan búnað til framleiðslu fíkniefna í bílskúr í Reykjavík. Hald var lagt á verulegt magn af tækjum og efnum, en karl á fimmtugsaldri var handtekinn í tengslum við málið. Við aðgerðir á vettvangi naut lögreglan aðstoðar sérfræðinga frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Háskóla Íslands, auk sprengjusérfræðinga frá embætti ríkislögreglustjóra. Grunur var um framleiðslu amfetamíns í bílskúrnum.



14. júní

FALDI SIG Í FATASKÁP

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabísræktun á tveimur stöðum í umdæminu í gær og fyrradag og lagði hald á nokkra tugi kannabíspanna. Á öðrum staðnum var um að ræða ræktun í iðnaðarhúsnæði en í hinu tilvikinu var kannabísræktunin í íbúð í fjölbýlishúsi. Þar kom kona til dyra þegar lögreglan bankaði upp á en börn búa einnig á heimilinu. Í hjónaherbergi íbúðarinnar hafði karlmaður falið sig inni í fataskáp en sá sagðist hafa verið staddur í íbúðinni fyrir tilviljun og væri kannabísræktunin honum með öllu óviðkomandi.

Sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasímann er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

lh.is

Alþjóðlegar lögregluaðgerðir

Rannsóknir fíkniefnamála eru tímafrekar og geta staðið yfir mánuðum saman. Svo er því einatt farið í stórum málum, en þar skiptir líka samvinna og samstarf við önnur lögreglulið, bæði heima og erlendis, öllu máli. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinnur líka með toll- og skattyfirvöldum, en miklu er hægt að áorka þegar allir leggjast á eitt. Landhelgisgæslan er líka góður samstarfsaðili lögreglunnar eins og dæmin sanna. Þegar rannsóknir mála teygja sig yfir landamæri er gott að vita af Europol. Samstarf við erlend lögreglulið hefur aukist, en Europol á yfirleitt hlut að máli þegar um umfangsmiklar rannsóknir er að ræða. Samvinna er gagnleg fyrir alla aðila, en upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa reynst erlendum starfsbræðrum nytsamlegar. Á árinu leiddi þess konar samvinna til þess að Íslendingur var handtekinn í Suður-Ameríku. Maðurinn hafði áður komið við sögu hjá lögreglu vegna fíkniefnamála, en hann var einmitt handtekinn ytra af þeim sökum.

Vinna Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu skilaði líka miklum árangri þegar hópur Íslendinga var handtekinn í Danmörku og Noregi í alþjóðlegum lögregluaðgerðum í september. Rannsókn málsins hafði staðið yfir um langt skeið, og gegndi Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

6. júlí

ÞYFI HALDLAGT

Karl á þrítugsaldri var handtekinn í miðborginni fyrr í vikunni, en í bíl hans fannst mikið magn af því sem talið er vera þýfi. Aðallega var um að ræða rafmagnsvörur, ljósmyndataeki og tölvubúnað. Í fórum mannsins, sem er meðlimur í Hells Angels, fundust einnig fíkniefni.

lh.is

lykilhlutverki. Samhliða handtöku manna, sem flestir höfðu komist í kast við lögin hérlandis, var lagt hald á tugi kílóa af fíkniefnum ytra. Rannsóknin, sem er ein sú viðamesta sem embættið hefur staðið fyrir, var unnin í nánu samstarfi við lögregluna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, auk Europol. Önnur lögregluembætti hér heima og tollurinn veittu enn fremur liðsinni við rannsóknina. Það var mat lögreglu að mennirnir hefðu um langa hríð framið stórfelld fíkniefnabrot í mörgum löndum, m.a. flutt fíkniefni til Íslands. Síðar á árinu var annar Íslendingur handtekinn í Danmörku eftir að mikið magn fíkniefna fannst við húsleitir í Kaupmannahöfn. Pólverji, búsettur hér á landi, var einnig tekinn höndum í Danmörku vegna málsins. Rannsókn þess, sem var unnin í samvinnu við lögregluliðin á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, sneri m.a. að því hvort flytja hafi átti fíkniefnin til Íslands.





11. maí

EIGANDINN FUNDINN

Ung stúlka reyndist eiga peningana sem fundust á förnum vegi á höfuðborgarsvæðinu í gær. Það var kona á þrítugsaldri sem kom þeim til lögreglunnar en frétt um málið vakti nokkra athygli. Fréttin varð jafnframt til þess að réttmætur eigandi peninganna hafði samband við lögregluna en viðkomandi gat sannað eignarhaldið með óyggjandi hætti. Vart þarf að taka fram að stúlkan varð himinlifandi þegar fyrir lá að hún myndi endurheimta peningana, en þeir verða afhentir henni við fyrsta tækifæri.

lrh.is

Sprengja í miðborginni

Torkennilegur hlutur fannst í miðborginni í janúar, en um var að ræða leifar af sprengju. Hún sprakk snemma dags, steinsnar frá stjórnarráðinu í Lækjargötu, en engan sakaði. Lögreglan var með mikinn viðbúnað á vettvangi og var hluta Hverfisgötu lokað tímabundið af öryggisástæðum. Sprengjusveitir lögreglu og Landhelgisgæslunnar voru jafnframt kallaðar til og gerðu þær viðeigandi ráðstafanir. Málið var lítið mjög alvarlegum augum og allt kapp var lagt á að upplýsa það. Lýst var eftir vitnum og óskað upplýsinga um ferðir bæði manna og ökutækja við staðinn þar sem sprengjan sprakk. Birtar voru myndir úr eftirlitsmyndavélum af manni, sem var talinn hafa haft sprengjuna meðferðis. Einnig var birt mynd af hvítum, litlum sendibíl, sem sami maður átti að hafa ekið í miðborgina.

Eftir sleitulausa vinnu lögreglumanna fór svo að karl á áttræðisaldri var handtekinn í þágu rannsóknarinnar. Húsleit var framkvæmd á heimili mannsins, en þar var lagt hald á ýmsan búnað sem tengdist málinu. Þá var bíll mannsins sömuleiðis tekinn í vörslu lögreglu, en hann var sömu gerðar og ökutækið sem lýst var eftir. Við yfirheyrslur játaði maðurinn aðild sína að málinu, en hann var einn að verki. Tilgangur mannsins var ekki að valda skaða heldur vildi hann koma ákveðnum skilaboðum á framfæri til stjórnvalda. Engar skemmdir urðu af völdum sprengjunnar. Hún var ekki öflug, en hætta var þó á ferðum í nánasta umhverfi þar sem hún sprakk.

18. október

EKKI ER ÖLL VITLEYSAN EINS

Það var heldur undarleg sjón sem blasti við ökumanni á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í morgun. Viðkomandi var að bíða eftir grænu ljósi til að geta haldið för sinni áfram þegar honum var litið inn í bílinn við hliðina. Í ökumannssætinu var karl um þrítugt og í aftursæti bifreiðarinnar var barn. Bæði ökumaðurinn og barnið voru með viðeigandi öryggisbúnað og því ekkert út á það að setja, en það var hins vegar hátterni ökumannsins sem vakti athygli. Sá virðist hafa verið eitthvað seinn fyrir því maðurinn var að borða graut undir stýri að sögn þess sem tilkynnti málið til lögreglu, en fullyrt var að um hafragraut hafi verið að ræða. Það er að sjálfsgöðu ekki lögbrot að borða hafragraut enda er hann bæði hollur og góður, en betra er að gera það í eldhúsinu heima eða á kaffistofunni í vinnunni. Sama gildir um flest annað enda eiga ökumenn að hafa hugann við aksturinn þegar út í umferðina er komið. Þess má geta að samkvæmt upplýsingum lögreglu var hinn svangi ökumaður með hafragrautinn í einhverskonar skál og notaði síðan skeið til að skófla honum upp í sig. Það má líka koma fram að hinn sami hélt áfram að borða grautinn sinn eftir að græna ljósið kviknaði og því átti borðhaldið sér einnig stað meðan á akstrinum stóð. Skráningarnúmer bílsins fylgdi ekki með tilkynningunni og því hefur lögreglan ekki náð að ræða við manninn með hafragrautinn. Lesi hann hins vegar þetta er maðurinn beðinn um að láta svona atvik ekki endurtaka sig enda getur það skapað hættu í umferðinni.

lth.is

Fækkun umferðarslysa

Ýmislegt bendir til að umferðarmenning fari batnandi hér á landi. Umferðarslysum hefur t.d. fækkað á höfuðborgarsvæðinu og sú þróun hélt áfram árið 2012. Engu að síður varð að meðaltali eitt umferðarslys í umdæminu alla daga ársins. Hér er átt við slys þar sem meiðsli urðu á vegfarendum og því hlýtur það að vera eðlileg krafa að fækka slysum enn frekar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lagt sitt af mörkum í þeim efnum og mun gera svo lengi sem þess verður þörf. Vafalaust er hér um eilífðarverkefni að ræða, en lögreglan er engu að síður sannfærð um að hægt sé að ná enn betri árangri en hingað til. Slíkt mun þó ekki takast nema með sameiginlegu átaki allra vegfarenda.


Þegar orsakir umferðarslysa eru skoðaðar kemur fátt á óvart, en gjarnan er ekið of hratt miðað við aðstæður. Aðgæsluleysi er áberandi og ökumenn gleyma að virða bæði biðskyldu og stöðvunarskyldu. Aftanákeyrslum mætti fækka með því einu að hafa ávallt hæfilega fjarlægð á milli ökutækja. Akstur gegn rauðu ljósi er einnig algeng orsök umferðarslysa, en til að stuðla að fækkun þeirra hefur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu m.a. lagt mikla áherslu á sýnileika. Í því felst að fylgjast grannt með umferð á fjölförnum gatnamótum og stofnbrautum á álagstímum. Um er að ræða staði þar sem umferðaróhöpp og slys hafa verið tíð. Áfram var unnið á þessum nótum árið 2012, en embættið hélt einnig úti sérstökum myndavélabil. Hann var aðallega notaður til að fylgjast með hraðakstri í íbúðahverfum. Og ekki síst á stöðum þar sem börn og unglingar voru mikið á ferð. Sumarmánuðina var svo notast við tvö rafmagnshjól við eftirlit með umferð á hjóla- og göngustígum.

Lögreglan hefur farið nokkrar leiðir til að ná betri árangri í umferðarmálum. Sýnileikinn er ein þeirra, en hann snýr líka að vegfarendunum sjálfum. Á árinu kom lögreglan líka með margar gagnlegar ábendingar ökumönnum til handa. Þeir voru sömuleiðis hvattir til góðra hluta í umferðinni í þeirri von að allir kæmust heilir heim.

18. apríl

LAUG TIL NAFNS

Það gerist oft og iðulega að fólk lýgur til nafns þegar lögreglan hefur afskipti af því. Einn úr þeim hópi er karl um tvítugt en sá var stöðvaður við akstur bifreiðar í Breiðholti í gær. Maðurinn var undir áhrifum fíkniefna og var einnig með fíkniefni í förum sínum. Við yfirheyrslu hjá lögreglu reyndi maðurinn að ljúga til nafns og það ekki í fyrsta skipti en hann var tekinn fyrir hraðakstur í síðustu viku og reyndi þá líka að leika sama leikinn. Það var sömuleiðis til einskis. Maðurinn er sviptur ökuleyfi.



Hamrað var á atriðum sem einhverjum kunna að finnast lítilfjörleg, en skipta samt öllu máli þegar uppi er staðið. Ljósabúnaður ökutækja er dæmi um það. Ljósín eru mikilvægt öryggisatriði og þurfa alltaf að vera í lagi, eins og ökumenn voru minntir á. Endurskinsmerki eru líka vegfarendum nauðsynleg, og á það var minnst oftast en einu sinni. Lögreglan benti líka á nauðsyn þess að nota handfrjálisan búnað ef talað var í síma í akstri. Raunar er best að bíða með öll símtöl á meðan akstri stendur, en það er nú önnur saga. Ekki má gleyma stefnuljósum, en fátt pirrar ökumenn meira en þeir sem ekki nota stefnuljós í umferðinni. Það er því dálítið öfugsnuíð að ökumenn almennt noti ekki stefnuljós meira en raun ber vitni.

lrh.is





16. apríl

SÍBROTAMAÐUR Í UMFERÐINNI

Sautján ára piltur var staðinn að ofsakstri á Þingvallavegi um kvöldmatarleytið á laugardag en bíll hans mældist þar á 164 km hraða. Pilturinn sinni ekki stöðvunarmerkjum lögreglu og ók í framhaldinu inn í eitt af hverfum Mosfellsbæjar. Þar skildi hann bílinn eftir og freistaði þess að komast undan á tveimur jafnfljótum. Lögreglan sá hinsvegar við piltinum og handtók bæði hann og farþega sem var í bílnum. Sá er á svipuðu reki en þeir kumpánar voru fluttir á lögreglustöð samhliða því sem haft var samband við forráðamenn þeirra.

Ekki þarf að hafa mörg orð um þennan glóruslausu akstur og þá stórkostlegu hættu sem ökumaðurinn setti sjálfan sig, farþegann og alla aðra vegfarendur í með þessum dómgreindarskort. Það er líka áhyggjuefni að þessi sami ökumaður hefur áður gerst sekur um ofsakstur og því er ekki að sjá að hann hafi lært mikið af reynslunni. Pilturinn fær nú væntanlega góðan tíma til að hugsa sinn gang en hann má teljast stálheppinn að hafa hvorki valdið sjálfum sér eða öðrum líkamlegum skaða með háttsemi sinni.

lrh.is

Banaslys og hraðakstursbrot

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu gekk að flestu leyti vel árið 2012, en þar skyggðu vissulega á tvö banaslys. Þrátt fyrir að umferðarslysum hafi fækkað á undanförmum árum er fjöldi banaslysa í umdæminu nánast óbreyttur á milli ára, eða frá því að embættið var stofnað 2007. Gangandi vegfarendur hafa komið við sögu í mörgum slysanna og svo var einnig þetta árið, en báðir sem þá létust voru gangandi í umferðinni. Fyrri banaslysið varð á Sæbraut í Reykjavík seint í nóvember, en þar var ekið á karl á sjötugsaldri. Hann var fluttur á sjúkrahús og lést þar nokkrum vikum síðar. Seinna banaslysið varð á Nýbýlavegi í Kópavogi snemma í desember. Þar varð kona á níraðisaldri fyrir strætisvagni. Hún var flutt á sjúkrahús en lést þar sama dag. Þetta var annað árið í röð sem gangandi vegfarandi varð fyrir strætisvagni og lét lífið.

Fullvíst má telja að lögreglan hafi komið í veg fyrir ófa umferðarslys með afskiptum af ökomönnum í miður góðu ástandi. Árlega stöðvar hún för fjölmargra ökumanna, sem eru undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Ekki þarf að hafa mörg orð um afleiðingar af akstri fólks í þess konar ástandi, og sama gildir um þá sem aka undir áhrifum lyfja. Árið 2012 voru stöðvaðir í umdæminu tæplega 850 ökumenn, sem voru drukknið við stýrið, en það eru ívið fleiri en árið á undan. Fleiri voru líka teknir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, eða um 700. Til samanburðar voru þeir um 600 árið á undan. Þess skal þó getið að einstaklingarnir sem hér um ræðir eru færri en málin segja til um. Ástæðan er sú að margir ökumenn voru teknir oftari en einu sinni á árinu fyrir áðurnefndar sakir.

9. ágúst

VÍTAVERT KÆRULEYSI

Karl á fertugsaldri var stöðvaður við akstur á Reykjanesbraut í Hafnarfirði um kvöldmatarleytið í gær en hugsunarleysi hans, og tveggja fullorðinna farþega sem einnig voru í bílnum, var með ólíkindum. Í aftursætinu á bíl mannsins voru tvö lítil börn en hvorugt þeirra var með tilskýldan öryggisbúnað. Fátt var um svör þegar leitað var eftir því hvers vegna eldra barnið var ekki í bilbælti og því yngra leyft að sitja í fangi annars farþega í stað þess að vera tryggilega fest í barnabílstól.

Gerðar voru viðeigandi ráðstafanir áður en fólkinu var leyft að halda för sinni áfram með börnin. Ökumaðurinn má búast við sekt en upplýsingar um málið verða jafnframt sendar barnaverndaryfirvöldum.

lrh.is

Sama á við um þá ökumenn sem óku sviptir, eða án þess að hafa öðlast ökuréttindi. Vel yfir 600 ökumenn voru teknir fyrir að aka sviptir á höfuðborgarsvæðinu á árinu, en þeir sem óku án þess að hafa öðlast ökuréttindi voru helmingi færri, eða um 300.

Fleiri umferðarlagabrot komu auðvitað á borð lögreglunnar. Nálægt 650 ökumenn töluðu í síma án handfrjálss búnaðar á meðan akstri stóð. Litlu færri, eða rúmlega 600, voru staðnir að því að aka gegn rauðu ljósi, sem er svipaður fjöldi og undanfarin tvö ár. Áfram var haldið að fjarlægja skráningarnúmer af ökutækjum sem voru ótryggð eða óskoðuð, en fjöldi þeirra á höfuðborgarsvæðinu skiptir þúsundum. Árið 2012 voru fjarlægð skráningarnúmer af um 3.000 ökutækjum af þessum ástæðum. Þúsundum bíla var líka lagt ólöglega í umdæminu, en 4.500 ökumenn voru sektaðir vegna þessa. Það eru samt mun færri en árið á undan. Lögreglan hefur tekið mjög hart á stöðubrotum og telur að það hafi skilað árangri. Ítrekað var farið á staði þar sem ökutækjum var illa lagt. Laugardalurinn var einn þeirra, en ökumenn sem þangað sækja vita nú á hverju þeir eiga von ef þeir leggja ólöglega. Fjöldmörg hraðakstursbrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, eða um 16.000. Hluta þeirra má eigna myndavélabil lögreglunnar, sem þegar hefur verið nefndur til sögunnar. Stórt hlutfall brotanna var enn fremur myndað í Hvalfjarðargöngunum. Þar er öflugt myndavélaeftirlit, en fjöldi bíla fer um göngin á hverjum degi. Brotahlutfallið þar er hins vegar ekki hátt sé tekið mið af því.





22. maí

ÖKUPRJÓTUR Á OFSAHRADA

Karl á þrítugsaldri var stöðvaður við akstur á Reykjanesbraut í Hafnarfirði í gærkvöld eftir að bíll sem hann ók mældist á 150 km hraða á móts við Vallahverfi. Maðurinn reyndist vera undir áhrifum fíkniefna en hann hefur margoft gerst sekur um umferðarlagabrot og hafði þegar verið sviptur ökuleyfi. Eigandi bílsins var með í för og sat í farþegasæti en viðkomandi var sömuleiðis í annarlegu ástandi.

lrh.is

Fréttir úr umferðinni

Fólk á öllum aldri kom við sögu í umferðarmálum á höfuðborgarsvæðinu. Sá elsti í þeim hópi var sennilega karl á tíræðisaldri, en hann var stöðvaður við akstur í Reykjavík skömmu fyrir jól. Það var aksturslag mannsins sem vakti athygli lögreglu, en í framhaldinu var kallaður til læknir og mat hann það svo að hinn fullorðni ökumaður væri óhæfur til að stjórna ökutæki. Fleiri áttu í erfiðleikum með að halda fullri athygli í umferðinni, en í júní ók kona á áttæðisaldri bíl sínum á öfugum vegarhelmingi á Hafnarfjarðarvegi. Vegfarandi kom konunni til aðstoðar og hringdi í lögregluna. Laganna verðir fóru strax á vettvang og hjálpuðu konunni að snúa bílnum við. Til öryggis var henni síðan fylgt á fyrirhugaðan áfangastað og gekk það áfallalaust. Konan var allsgáð en hún hafði óvart tekið „ranga beygju“ með fyrrgreindum afleiðingum.

11. júlí

ÖLVAÐUR Á REIÐHJÓLI

Karl á fimmtugsaldri var stöðvaður í austurborginni í gærmorgun. Sá var á reiðhjólí en ófær um að stjórna því enda ölvaður. Sami maður kom svo aftur við sögu lögreglu í hádeginu, en þá var hann kominn í miðborgina og var til ófriðar í ónefndri verslun. Maðurinn var handtekinn og vistaður í fangageymslu, en sleppt nokkru síðar. Afskiptum af mannum var hins vegar ekki lokið þann daginn því í gærkvöldi varð hann aftur á vegi lögreglunnar. Þá virtist reyndar verið runnið af honum, en það breytti því ekki að hann hafði tekið ýmsa hluti. Grunur lék á því að um þýfi væri að ræða og var mannum gert að afhenda hlutina, sem og hann gerði mótþróaust.

lh.is

Hvöld er vegfarendum mikilvæg, en með því er ekki átt við að þeir sofni út á miðri götu. Síðla hausts var tilkynnt um ölvaðan mann á reiðhjólí í borginni og hann sagður skapa mikla hættu í umferðinni. Lögreglan brást skjótt við og sá manninn strax og komið var á vettvang. Hann studdist við reiðhjól úti á miðri götu og var alveg hreyfingarlaus. Maðurinn virtist líka vera heyrnarlaus því hann meðtók engin fyrirmæli um að forða sér af götunni. Svo reyndist þó ekki vera því þegar komið var upp að mannum sást að hann var steinsofandi. Kappinn, sem var kominn yfir miðjan aldur, var því vakinn og var honum gert að finna sér annan og heppilegri svefnstað. Maðurinn var furðu hress þegar hann hafði náð áttum en ekki er vitað hversu lengi hann svaf úti á götu. Ekki þykir ólíklegt að maðurinn hafi fengið sér einhverja brjóstbirtu áður en hann fékk sér þennan eftirminnilega blund. Hins vegar er mjög ósennilegt að hann hafi farið um langan veg á reiðhjólínu, en ástand þess gaf til kynna að það væri svo gott sem ónýtt. Fátt var um svör þegar maðurinn var beðinn um að útskýra þetta ferðalag sitt, en séð var til þess að hann færi beint heim til sín til frekari hvíldar. Svona öryggisins vegna.

Til handalögmála kom á milli tveggja ökumanna í Reykjavík í október. Málsatvik voru á þá leið að annar taldi hinn hafa ekið gróflega í veg fyrir sig svo að lá við árekstri. Sá sem á sér taldi brotið ýtti þá á flautuna, en uppskar í framhaldinu fingurinn frá hinum. Sá síðarnefndi ók hægt áfram en stöðvaði síðan bílinn. Sá sem á eftir kom átti því ekki um annað að velja en gera slíkt hið sama. Þegar hér var komið sögu var báðum mönnum orðið heitt í hamsi þegar þeir yfirgáfu bílana til að ræða málið. Ekki var það nú gert á neinum skynsamlegum nótum því svo fór að mennirnir slógust út af áðurnefndu atviki. Annar var aumur eftir og sagðist vera með nokkrar rispur eftir áflogin, en viðkomandi hugðist leggja fram kæru. Hinn viðurkenndi sinn hlut í málinu, en sagði jafnframt að það væri hinum alveg jafnmikið að kenna.

25. júní

TEKINN TVISVAR FYRIR FÍKNIEFNAAKSTUR

Karl á fertugsaldri var tekinn í tvígang fyrir fíkniefnaakstur um helgina. Fyrst var hann stöðvaður í miðborginni á föstudagskvöld og svo aftur í Breiðholti á sunnudagskvöld. Í fyrra skiptið fannst jafnframt marjúána í fórum hans en maðurinn hefur alloft áður komið við sögu hjá lögreglu.

lrh.is

Tveir piltar, 17 og 16 ára, voru stöðvaðir í umdæminu nótt eina í apríl. Sá eldri ók fólksbil hratt og ógætilega, en sá yngri var á þaki bilsins meðan á því stóð. Hafi þetta átt að vera einhvers konar leikur þá var sá leikur lífshættulegur. Piltunum var fylgt til síns heima og þar var enn fremur rætt við forráðamenn þeirra um alvarleika málsins. Mildi má teljast að ekki hlaust mjög alvarlegt slys eða jafnvel dauði af þessu uppátæki. 13 ára stúlka slapp sömuleiðis með skrekkinn þegar hún stal fjölskyldubílnum um mitt sumar og bauð vinkonu sinni á rúntinn. Ökuferðin endaði með aftánkeyrslu, en stelpurnar reyndu síðan að komast undan á hlaupum. Hinir eldri voru oft á tíðum litlu betri, en í júlí og ágúst stöðvaði lögreglan tvo bifhjólamenn eftir ofsaaakstur þeirra í borginni. Hjól beggja mældust á um 200 km hraða, en mennirnir eru báðir á fertugsaldri.



27. júní

FERÐAMAÐUR TÓK GLEÐI SÍNA Á NÝ

Kanadískur ferðamaður varð fyrir því óláni um helgina að farangri hans var stolið á hóteli, sem hann gisti á í miðborginni. Um var að ræða veruleg verðmæti, m.a. fartölvu og iPad, og skyggði þjófnaðurinn auðvitað á annars ánægjulega heimsókn mannsins til Íslands. Í morgun gat ferðamaðurinn hins vegar tekið gleði sína á ný, allavega að einhverju leyti, því lögreglunni hafði tekist að finna hina stolnu muni, eða flesta þeirra og þ.á. m. fartölvuna og iPad-inn. Í framhaldinu kom maðurinn á lögreglustöðina og sótti hlutina sína og mátti það ekki seinna vera því ferðamaðurinn átti bókað flug til vesturheims síðdegis í dag. Sjálfsgat verður Íslandsheimsóknin mannum minnisstæð, en vonandi standa bara góðu minningarnar upp úr.

lh.is



Innbrot og þjófnaðir

Próun mála á höfuðborgarsvæðinu árið 2012 var á margan hátt jákvæð, en þar vóg þungt fækkun innbrota í umdæminu. Undanfarin misseri hefur þjófnaðarbrotum almennt fækkað á höfuðborgarsvæðinu og svo var einnig þetta árið. Um 4.500 þjófnaðarbrot voru tilkynnt til lögreglunnar, þar af voru innbrot um 1.000. Ágætlega gekk að upplýsa mörg málanna, en það var ekki síst að þakka gagnlegum ábendingum sem bárust frá borgurum. Ótal húsleitir voru framkvæmdar í tengslum við rannsóknir mála, og ósjaldan var lagt hald á þýfi. Í upphafi ársins fannst mikið af þýfi í kjölfar fimm húsleita í umdæminu. Um var að ræða muni úr mörgum innbrotum á höfuðborgarsvæðinu, og tók töluverðan tíma að koma hlutunum aftur í réttar hendur. Þrír menn voru handteknir í þágu rannsóknarinnar, en hinir sömu höfðu allir áður komið við sögu hjá lögreglunni. Í árslok fannst mikið af þýfi í fórum tveggja útlendinga, sem höfðu dvalið hér í mjög skamman tíma. Þeir neituðu sök, en voru dæmdir fyrir hylmingu.

Innbrotspjófvar voru víða á ferðinni, en fyrrihluta ársins var tilkynnt um allmörg innbrot í heimahús í Grafarvogi. Lögreglan lagði allt kapp á að upplýsa málin, og í maí voru þrír karlar handteknir í þágu rannsóknarinnar. Mennirnir, sem allir eru á þrítugsaldri, höfðu áður komist í kast við lögin. Þeir játuðu aðild sína að innbrotunum, sem voru framin á nokkurra vikna tímabili. Premeningarnir stálu m.a. myndavélum, fartölvum, sínum, sjónvörpum, rafmagnsverkfærum, skartgripum og peningum, en hluti af þýfinu var endurheimtur. Handtöku þjófanna mátti þakka árvekni ónefnds íbúa, en sá lét lögregluna vita um grunsamlegar mannaferðir og þar með komst hún á sporið með fyrrgreindum árangri. Ábending íbúans sýndi enn og aftur, að það sem einhverjum kann að finnast lítilfjórlegar upplýsingar, getur einmitt orðið til þess að upplýsa mál. Mörg önnur mál hafa verið upplýst með sama hætti í gegnum tíðina, og því er full ástæða til að undirstrika mikilvægi þessa.

2. janúar

INNBRÓTSÞJÓFAR HANDTEKNIR Í REYKJAVÍK

Tveir karlar voru handteknir í austurborginni í nótt eftir að þeir höfðu hringt í lögreglu og tilkynnt um innbrot! Þegar rætt var við þá á vettvangi voru mennirnir margsaga en einnig var ýmislegt í fari þeirra sem gaf sterklega til kynna að þeir hefðu komið við sögu í öðru innbroti, sem lögreglan hafði nýhafið rannsókn á. Það var framið skömmu áður á svipuðum slóðum. Ekki bætti heldur úr skák fyrir mennina að í fórum þeirra fundust munir sem þeir gátu ekki gert grein fyrir. Mennirnir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu.

lrh.is

Stundum er á litlu að byggja þegar innbrot eru annars vegar, en þá reynir á þrautseigju lögreglumanna. Svo var því farið eina febrúarnóttina þegar peningaskápum var stolið á tveimur stöðum í austurborginni, en á vettvangi fannst þó skófar. Það og brjóstvit lögreglumanna leiddi til þess að seinna um morguninn var bankað upp á hjá manni, sem hefur áður gerst brotlegur við lög. Sá kom svefnþrúkkinn til dyra og var lítt um þessa heimsókn gefið. Í forstofu hans var að finna skó, sem ástæða þótti til að skoða nánar og þá tók hringinn að þrengja. Í kjölfarið var annar maður svo vakinn upp af værum blundi annars staðar í borginni. Hann reyndist líka vera viðriðinn málið, en hjá þeim báðum fundust peningar sem þeir höfðu stolið úr peningaskápunum. Áfram leið dagurinn og um hádegisbil var þriðji maðurinn handtekinn í þágu rannsóknarinnar. Hann var á fótum þegar að var komið, en hafði þegar eytt sínum hluta af ránsfengnum. Líkt og hinir tveir játaði maðurinn sök.

Þjófnaðarmál sem komu á borð lögreglunnar árið 2012 voru annars af ýmsum toga. Nánast daglega bárust tilkynningar um þjófnaði í verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Þjófarnir voru á öllum aldri, jafnt börn sem fullorðnir. Þeir síðarnefndu voru þó öllu stórtækari við þessa vafasömu iðju. Fjöldmörgum ökutækjum var líka stolið á árinu, en tilkynningar um nytjastuld voru um 250. Misjafnlega gekk að finna ökutækini. Í hópi þeirra sem komu við sögu lögreglunnar í þjófnaðarmálum voru margir síbrotamenn. Þegar svo háttar leggur embættið fram kröfu um síbrotagæslu yfir viðkomandi. Allnokkrir voru úrskurðaðir í síbrotagæslu á árinu, en það kom í veg fyrir áframhaldandi brot hinna sömu. Um var að ræða einstaklinga sem höfðu m.a. innbrot á samviskunni.





22. maí

OF GOTT TIL AÐ VERA SATT

Ef tilboð hjómar of gott til að vera satt að þá er það næstum örugglega raunin. Margir hafa samt farið flatt á þessu og ætlað að kaupa hluti í góðri trú. Þannig var því t.d. farið með manninn sem sá reiðhjól auglýst til sölu á netinu á dögunum. Hann sló til og keypti hjólið enda verðið mjög gott. Síðar kom á daginn að reiðhjólið var stolið en seljandinn sagðist hafa fundið það. Hvort sem það var satt eða logið átti viðkomandi að sjálfsögðu ekki að slá eign sinni á hjólið og selja það á netinu. Reiðhjólið var haldlagt og því síðan komið aftur í réttar hendur. Eigandi þess hafði haldið til haga svokölluðu stölnúmeri hjólsins og það var lykkillinn að því að upplýsa málið.

lrh.is

Rán og fjársvik

Hátt í 50 rán voru framin á höfuðborgarsvæðinu árið 2012. Fljótt og vel gekk að upplýsa mörg þeirra, líkt og ránið sem var framið í Árbænum í upphafi árs. Að baki því stóðu 18 ára piltur og 16 ára stúlka, en fórnarlambið var karl á sextugsaldri. Af honum stálu ungmenninn sjónvarpi, síma og peningum. Málsatvik voru þau að stúlkan og þolandinn kynntust á stefnumótalinu, en þau höfðu síðan frekari samskipti á spjallrás. Í framhaldinu fór stúlkan til fundar við manninn á heimili hans, en þá var pilturinn með í för. Þau ógnuðu manninum með hnífi og blóðugri sprautunál, en héldu síðan á brott með fyrrnefnda muni. Oftar en ekki huldu ræningjarnir andlit sitt þegar þeir ógnuðu fólki með hnífum eða bareflum af einhverju tagi. Í árslok gekk einn ræningjanna enn lengra, en hann kom í söluturn vopnaður skammbyssu og hleypti af skoti. Engin kúla reyndist vera á vettvangi, en þar fannst hins vegar notað skothylki. Rannsókn leiddi í ljós að um púðurskot var að ræða.

11. apríl

ÞJÓFUR Í SÍBROTAGÆSLU

Karl á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í síbrotagæslu til 2. maí að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Maðurinn, sem hefur margítrekað komið við sögu hjá lögreglu, var síðast handtekinn fyrir páska í tengslum við rannsókn lögreglu á innbrotum og ráni.

lrh.is

2. apríl

INSÚLÍNDÆLU STOLIÐ

Kona á þrítugsaldri varð fyrir því óláni að töskunni hennar var stolið á skemmtistaðnum Faktorý aðfaranótt laugardags. Í henni voru bæði sími og greiðslukort og tjónið því bagalegt. Verst af öllu er þó að í töskunni var jafnframt insúlíndæla sem konan þarf sárlega á að halda. Lögreglan skorar á þjófinn að skila insúlíndælunni enda afar hæpið að hún komi honum að einhverju gagni. Konan sem á dæluna og getur alls ekki án hennar verið yrði hins vegar mjög þakklát ef insúlíndælunni yrði skilað. Upplýsingum um málið má koma á framfæri í síma 444-1000 eða í tölvupósti á netfangið abending@lrh.is

lrh.is

Eins og gefur að skilja voru fórnarlömb ræningjanna oft skelkuð, en í einstaka tilvikum máttu þau sæta miklu harðræði. Þannig var því farið í júlí þegar tveir menn ruddust inn í íbúð í Breiðholti. Innandyra var karl á sjötugsaldri, en ræningjarnir bundu manninn á höndum og fótum og neyddu hann til að afhenda peninga. Frelsissviptingin stóð yfir klukkustundum saman, en maðurinn var bundinn við stól og síðar fjöttraður við blöndunartæki í baðkari íbúðarinnar. Jafnframt var tuska sett upp í munn mannsins og límt fyrir með límbandi. Annar ræningjanna var handtekinn samdægurs, en hinn daginn eftir. Snemma í júlí rannsakaði lögreglan einnig mál af svipuðum toga, en þar komu við sögu tveir menn sem ruddust inn í íbúð í Kópavogi. Húsráðanda var ógnað og honum hótað ofbeldi, léti hann ekki að vilja mannanna. Polandinn þorði ekki öðru og afhenti mönnum peninga, en þeir síðarnefndu voru handteknir fáeinum klukkustundum eftir ránið.

Að venju voru fjölmörg fjársvikamál til rannsóknar árið 2012, en þar komu greiðslukort töluvert við sögu. Í mars fannst afritunarbúnaður greiðslukorta í tveimur hraðbönkum í borginni. Lögreglan brást skjótt við og tveimur klukkustundum eftir að það uppgötvaðist var maður handtekinn vegna málsins. Sá var rúmenskur, en félagi hans var handtekinn á Keflavíkurflugvelli daginn eftir er hann reyndi að komast úr landi. Þrátt fyrir góð viðbrögð lögreglunnar komst nokkuð af afrituðum kortanúmerum í umferð í útlöndum. Engu að síður tókst að afstýra stórtjóni. Snemma í júlí fannst aftur afritunarbúnaður greiðslukorta í hraðbanka í borginni. Fáeinum dögum síðar var Rúmeni handtekinn á Akureyri og viðurkenndi hann að hafa sett upp afritunarbúnaðinn í Reykjavík, en maðurinn komst ekki yfir nein greiðslukortanúmer. Skömmu eftir handtöku mannsins barst honum pakki til landsins, sem lögreglan haldlagði. Í honum var að finna annan afritunarbúnað tilbúinn til notkunar.

31. október

EEKKI BORGUNARMAÐUR

Karl um fertugt var fjarlægður af veitingahúsi í Reykjavík seint í gærkvöld, en sá reyndist ekki vera borgunarmaður fyrir veitingunum þegar komið var með reikninginn. Lögreglan var þá kölluð til en hún kannaðist vel við kauða. Sami maður lék nefnilega sama leikinn á öðru veitingahúsi nokkrum klukkutímum áður og gerði þá líka vel við sig í mat og drykk þrátt fyrir auraleysið, en viðkomandi var hvorki með reiðufé né greiðslukort. Þess má geta að maðurinn hefur nokkrum sinnum áður komið við sögu hjá lögreglu vegna sambærilegra mála.

lh.is



Sérstakt mál kom til rannsóknar hjá embættinu á fyrri hluta ársins. Þá barst lögreglunni kæra eftir að óprúttir aðilar höfðu hótað að menga matvæli hjá ónefndum framleiðanda. Hótunin var tekin mjög alvarlega, en með henni fylgdu sýni sem voru menguð með hættulegum efnum. Þeir sem stóðu að baki hótuninni voru handteknir þegar þeir ætluðu að sækja lausnargjaldið, en þeir kröfðu framleiðandann um 10 milljónir króna. Tekið skal fram að hin menguðu matvæli fóru aldrei í umferð eins og hótað var. Í árslok var annað mál til rannsóknar þar sem fjármunir komu líka við sögu, þó með allt öðrum hætti væri. Ráðist var í umfangsmikla aðgerð gegn spilavíti í austurborginni, en grunur lék á að þar væri stundað ólöglegt fjárhættuspil. Forsvarsmenn spilavítisins voru handteknir, en framkvæmdar voru húsleitir í spilavítinu og á heimilum manna.





3. janúar

FALDI SIG Í SNJÓSKAFLI

Karl á þrítugsaldri var dreginn upp úr snjóskafli í Háaleitishverfinu um kvöldmatarleytið í gær. Honum varð ekki meint af en eftir björgunina var maðurinn, sem var í annarlegu ástandi, handtekinn! Hann hafði skömmu áður ekið fólksbifreið og var í raun á flótta undan lögreglunni og hafði gripið til þess ráðs að fela sig í snjóskafli. Þess má geta að maðurinn hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.

lh.is



Kynferðisbrot og heimilisofbeldi

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust um 900 tilkynningar um heimilisofbeldi árið 2012. Málin voru af ýmsum toga, en í um fjórðungi þeirra var beitt ofbeldi, stundum á mjög grófan og ófyrirleitinn hátt. Um mitt sumar var lögreglan kölluð að húsi í miðborginni þar sem maður veittist að barnsmóður sinni með hnífi. Hún var blóðug þegar að var komið, en börn fólksins voru á heimilinu þegar árásin átti sér stað. Konan var flutt á slysadeild, en barnsfaðirinn var handtekinn og færður á lögreglustöð. Síðla árs var karl á þrítugsaldri stunginn í höfuðið með eldhúshnífi í íbúð í Kópavogi. Talsvert blæddi úr sárinu þegar lögreglan kom á vettvang, en mildi þykir að maðurinn skyldi ekki slasast alvarlega. Gerandinn var barnsmóðir mannsins, en þau bjuggu ekki lengur saman og var hann því gestkomandi á heimilinu. Ungur sonur þeirra varð vitni að árásinni, en báðir foreldrar hans voru fluttir á slysadeild, en áverka var einnig að finna á móðurinni. Gerðar voru viðeigandi ráðstafanir í þágu drengsins.

Í byrjun apríl var kallað eftir aðstoð lögreglu að fjölbýlishúsi í Kópavogi. Þar hafði karl á þrítugsaldri gengið í skrokk á konu á fertugsaldri, en nærstaddir heyrðu neyðaróp konunnar og skökkuðu leikinn. Þegar lögreglan kom á vettvang höfðu nokkrir vegfarendur handsamað árásarmanninn og héldu honum föstum á gangstétt við húsið. Konan lá þar skammt frá, en hún virtist vera með skerta meðvitund og eiga erfitt með andardrátt. Hún var flutt á sjúkrahús í skyndi, en konan var með áverka á höfði. Kertastjaki fannst á vettvangi, en talið er að árásarmaðurinn hafi m.a. notað hann við barsmiðarnar. Skömmu fyrir árásina hafði konan kvartað undan árásarmanninum, en hún bjó áður með föður hans.

19. júní

VAMPÍRA TIL VANDRÆÐA

Lögglumenn þurfa að vera við öllu búnir á vaktinni eins og sýndi sig enn og aftur í gærkvöld. Þá hringdi maður á miðjum aldri í 112 og sagði að það væri verið að brjótast inn til hans. Maðurinn hljómaði eins og hann væri logandi hræddur og því var farið tafarlaust á vettvang. Tilkynnandi tók sjálfur á móti lögglumönnum þegar þeir komu á staðinn og upplýsti að það hefði verið vampíra, sem hefði látið ófriðlega á stigaganginum. Málið var að sjálfsgöðu tekið alvarlega og leituðu lögglumenn af sér allan grun en enga vampíru var að finna í húsinu. Manninum var bent á að hringja aftur í löggluna ef vampíran birtist á nýjan leik og virtist það róa hann nokkuð. Ekki kom þó til þess og má því telja að vampíran hafi haldið sig fjarri. Hvort hér var um fjarskyldan ættingja Drakúla að ræða er hins vegar með öllu óljóst.

lrh.is

Barn konunnar, og hálsystkini árársarmannsins, var heima við á meðan á öllu þessu stóð. Hvort árársarmaðurinn ætlaði að ráða konunni bana skal ósagt látið, en fullvist má telja að enn verr hefði getað farið. Inngrip þeirra sem yfirbuguðu manninn á vettvangi var að þakka að svo fór ekki.

Seinni hlutann í apríl var aftur tilkynnt um alvarlega líkamsárás í Kópavogi. Á vettvangi mátti sjá opnar útidyr að kjallaraíbúð, en innandyra voru ummerki eftir átök. Íbúðin reyndist mannlau, en í henni bjó kona um þrítugt. Hún fannst skömmu síðar, eða í íbúð á hæðinni fyrir ofan. Konan hafði verið stungin margsinnis, en áverkar hennar voru lífshættulegir. Árársarmaðurinn, 17 ára piltur, bjó einnig í húsinu, og var handtekinn þar. Hann hafði farið í kjallaraíbúð konunnar vopnaður eldhúshnifi og stungið hana ítrekað, eins og áður var lýst. Þrátt fyrir þessa hrottalegu árás tókst konunni að ná hnifnum af piltinum og forða sér til nággrannanna í næstu íbúð. Einn þeirra er faðir árársarmannsins og hafði áður verið í sambúð með árársarpóla.

Ofbeldi var víða beitt, en fjöldi kynferðisbrota var enn fremur til rannsóknar hjá embættinu árið 2012. Þar má nefna 85 nauðganir (194. gr. alm. hegningarlaga) og tæplega 60 kynferðisbrot gegn börnum. Þetta er svipaður málafjöldi og árið á undan. Einn nauðgaranna var karl á fertugsaldri, en sá þvingaði konu til samræðis á heimili hennar í ágúst. Konan, sem leitaði á neyðarmóttöku daginn eftir nauðgunina, flutti út af heimilinu eftir þessa ömurlegu lífsreynslu. Eins og undanfarin ár voru dæmi um fyrstu samskipti aðila í kynferðisbrotum í gegnum Netið. Þess konar mál voru til rannsóknar hjá embættinu á árinu, en í þeim kom m.a. við sögu ungur maður, sem kynnti sig sem áhugaljósmyndara. Hann setti sig í samband við unglingsstúlkur í gegnum Facebook, komst þannig í kynni við þær og braut gegn þeim. Full ástæða er til að ítreka að á Netinu er margt að varast, en ávallt skal fara gætilega þegar veittar eru persónulegar upplýsingar. Hafa skal hugfast að varasamt getur verið að hitta netvin, sem maður veit engin deili á. Þetta á sérstaklega við um börn og unglinga og mikilvægt að foreldrar og forráðamenn þeirra séu meðvitaðir og haldi vöku sinni.

8. maí

REYKINGAR ERU HÆTTULEGAR

Það er margsannað að reykingar eru hættulegar. Samt reykja margir en það er önnur saga. Best er að byrja aldrei og freistast ekki til þess að fíkta. Nokkrir unglingspiltar í borginni stóðust samt ekki mátið og þurftu endilega að prófa. Einn þeirra ætlaði að gera þetta almennilega og með svakalegum stæl. Hann batt saman allnokkrar sigarettur og hugðist reykja þær allar í einu. Það gekk heldur brösuglega, pilturinn gafst upp og henti þeim frá sér. Strákarnir sneru sér síðan að einhverju öðru og væntanlega heilbrigðara og yfirgáfu trésvalinar þar sem tilraunin hafði farið fram. Því miður gleymdu þeir hins vegar að drepa í sigarettunum og svo fór að það kviknaði í svölunum. Annað heimilisfólk fann síðan reykjalykt og sá eldinn á svölunum þegar það fór að svipast um. Gripið var til slökkvitækis og vel gekk að ráða niðurlögum eldsins en einhverjar skemmdir urðu á svölunum. Slökkvistarfinu var svo gott sem lokið þegar slökkviliðið og lögreglan komu á vettvang en hætt er við að strákarnir gleymi þessu atviki ekki í bráð. Vonandi hafa þeir samt lært sína lexíu og halda sig alfarið frá reykjum héðan í frá.

lrh.is

Brunar og íkveikjur

Skömmu fyrir jól skapaðist hætta þegar eldur kviknaði í kjallara fjölbýlishúss í Breiðholti. Strax var ljóst að um íkveikju var að ræða, en fáeinum dögum fyrr var eldur einnig laus í sameign hússins. Þá sakaði engan og ekki heldur í þetta sinn, en greiðlega gekk að slökkva eldinn. Fljótlega eftir seinni íkveikjuna var kona á miðjum aldri handtekin vegna málsins. Hún játaði að hafa verið að verki í bæði skiptin, en gat að öðru leyti gefið litlar skýringar á athæfi sínu. Konan sagðist þó ekki eiga neitt sökótt við íbúana í húsinu, en í seinna skiptið vöknudu þeir við hljóðmerki frá reykskynjara á stigagangi og forðuðu sér út. Allnokkrar skemmdir urðu á húsnæðinu, en við rannsókn málsins tókst enn fremur að upplýsa eina íkveikju til viðbótar. Þar var þó ekki um að ræða íkveikju í híbýlum fólks.

Lögreglan var einnig á brunavettvangi í Breiðholti í mars, en þá urðu málalok önnur og verri. Eldur kviknaði í íbúð í fjölbýlishúsi, en mikill reykur barst frá íbúðinni. Tvennt var þar innandyra, karl um sextugt og kona litlu yngri. Hún vaknaði við brunalykt og náði að forða sér út, en hann ekki. Áður en lögreglan og slökkviliðið komu á vettvang fór nágrenni inn í íbúðina og reyndi að finna manninn, en varð frá að hverfa vegna mikils reyks. Það voru svo reykkafarar sem fundu íbúann, en maðurinn var meðvitundarlaus. Hann var fluttur á sjúkrahús í skyndi, en var úrskurðaður látinn daginn eftir.

Það urðu sömuleiðis hörmuleg málalok þegar gaskútur sprakk í íbúð í Háaleitishverfi um miðjan september. Sprengingin var svo öflug að nærstaddir héldu að jarðskjálfti hefði riðið yfir eða að flugvél hefði hrapað í hverfinu. Karl um fertugt var einn í íbúðinni þegar sprengingin varð og brenndist hann mjög illa.

11. janúar

KALDUR OG HRAKINN

Það eru ekki bara ökumenn sem lenda í vandræðum í færðinni þessa dagana. Gangandi vegfarendur eiga líka erfitt með að komast leiðar sinnar. Í gær hafði umhyggjusamur borgari samband við lögreglu og greindi frá manni sem var illa á sig kominn í miðborginni. Sá var hríðskjálfaði þegar lögreglumenn komu á vettvang og ekki búinn til útivistar en maðurinn var hræðilega illa klæddur og var t.a.m. í inniskóm. Hann var fluttur á slysadeild til aðhlynningar.

Maðurinn var fluttur á sjúkrahús og lést þar daginn eftir. Þegar lögreglan kom að húsinu mátti víða sjá brak og glerbrot úr íbúðinni, en það hafði þeyst nokkra tugi metra frá húsinu. Nágrönnum var gert að rýma sínar íbúðir á meðan gengið var úr skugga um að frekari hætta steðjaði ekki að. Sprengingin var rakin til gasleka, en ljóst var að gas hafði lekið úr kútnum í nokkurn tíma áður en sprengingin varð. Gaskúturinn var 11 kg, en illa var lokað fyrir krana sem á honum var.

lrh.is





1. júní

MEIRI KLÓSETTRAUNIR

Einhverra hluta vegna koma klósett stundum við sögu í málum sem koma á borð lögreglu. Á dögnum var greint frá konu sem var í drjúga stund læst inni á klósetti í íbúð fjölbýlishúss á höfuðborgarsvæðinu og þurfti að brjóta sér leið þaðan út. Fyrir í vikunni lenti síðan fullorðinn maður í vandræðum eftir að hafa brugðið sér á klósett hjá opinberri stofnun. Eitthvað dróst vera hans á klósettinu á langinn því þegar maðurinn kom út af því aftur var búið að slökkva ljósín í afgreiðslunni og læsa útidrahurðinni. Starfsfólkíð var jafnframt á bak og burt og maðurinn því fastur þarna inni. Það varð honum hins vegar til happs að vera með síma og get hringt eftir hjálp. Lögreglu var gert viðvart en úr varð að öryggisverðir fóru


Leit að strokufanga

Karl á þrítugsaldri strauk af Litla-Hrauni um miðjan desember. Hann var dæmdur fyrir ofbeldisbrot gegn konu fyrr á árinu, en óttast var að maðurinn ætlaði að vinna henni mein öðru sinni. Henni var komið í öruggt skjól um leið og víðtæk leit hófst að manningum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók við stjórn leitarinnar sólarhring eftir hvarf fangans, eins og reglur kveða á um, en hún naut jafnframt aðstoðar annarra lögregluembættu og björgunarsveitarmanna. Fjölmíðlar birtu myndir af fanganum og kallað var eftir upplýsingum um mögulegar ferðir hans. Strax bárust fjölmargar ábendingar, en þær náðu ekki að koma lögreglunni almennilega á sporið. Í byrjun var leitað í nágrenni fangelsisins, en einnig var gengið úr skugga um að maðurinn hefði ekki snúið aftur til höfuðborgarinnar þar sem hann bjó áður.

á staðinn og leystu manninn úr prisundinni. Hann var afar þakklátur fyrir aðstoðina. Klósett kom líka við sögu með óbeinum hætti þegar lögreglan var kölluð til vegna innbrots á verkstæði. Engu reyndist hafa verið stolið en kannski var það því að þakka að innbrotsþjófnum hafði orðið brátt í brók. Ekkert klósett var á staðnum og því greip kauði í fötu til að gera þarfir sínar. Þrátt fyrir „sönnunargögn“ á vettvangi tókst ekki að varpa frekara ljósi á þann sem þarna var á ferð.

lh.is

Rætt var við ýmsa aðila sem tengdust fanganum með einhverjum hætti, en enginn þeirra gat varpað ljósi á málið. Dagarnir liðu, en ekkert spurðist til fangans. Þyrla var notuð við leitina, en án árangurs. Leitarsvæðið var stækkað og farið var í auð og yfirgefin hús á stóru svæði. Talið var mögulegt að maðurinn hefði komist úr landi og var Interpol beðið um að lýsa eftir honum. Leit lögreglunnar beindist einkum að Suðurlandi, en vitað var að fanginn þekkti þar ágætlega til á nokkrum stöðum. Meðan á leitinni stóð hvöttu ættingjar mannsins hann til að gefa sig fram og voru skilaboð þess efnis birt í fjölmiðlum. Hvort það réði úrslitum skal ósagt látið, en svo fór að fanginn gaf sig fram aðfaranótt aðfangadags. Hann var handtekinn á bóndabæ í Þjórsárdal og fluttur aftur á Litla-Hraun. Á flóttanum stal maðurinn fjórhjóli og notaði það til að komast leiðar sinnar. Hann braust einnig inn í tvo sumarbústaði og stal skotvopni úr öðrum þeirra.



ÖSKUR OG LÆTI

Nánast daglega berast lögreglu tilkynningar um hávaða og er þá oftast verið að kvarta undan hávaða í heimahúsum. Ein slík barst á níunda tímanum í gærkvöld og fylgdi sögunni að mikil öskur og læti væru í tiltekinni íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglan hélt þegar á staðinn og bankaði upp á. Húsbóndinn kom til dyra og viðurkenndi strax að hann ætti sök á þessum látum. Þvertók hins vegar fyrir að hann væri að rífast við konuna eða börnin og þetta ætti sér eðlilegar skýringar. Þær voru á þann veginn að maðurinn var að horfa á undanúrslitaleik í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu og var viðureignin æsispennandi enda komin framlenging og kappið hefði borið hann ofurliði. Þetta var tekið gott og gilt en maðurinn engu að síður beðinn um að reyna að róa sig og taka þar með tillit til nágrannanna í blokkinni. Engar frekari kvartanir bárust vegna mannsins og því líklegt að honum hafi tekst að róa taugarnar. Leikurinn umræddi var á milli Real Madrid og Bayern Munchen en ekki er vítað hvort maðurinn studdi Madrídinga eða Bæjara en þeir síðarnefndu höfðu víst betur í vítaspyrnukeppni. Þess má geta að lögreglan hefur alloft áður verið kölluð til þegar æsispennandi kappleikir eru í sjónvarpinu og íþróttáhugamenn heima í stofu gjörsamlega tapa sér!

lrh.is

Menningarnótt

Þúsundir manna voru á menningarnótt Reykjavíkur í ágúst, en talið er að gestir í miðborginni hafi verið um 80 þúsund þegar mest var. Lögreglan hafði mikinn viðbúnað og að venju hafði hún í nógu að snúast, en útköllum fjölgaði eftir því sem leið á daginn. Starfsmenn umferðardeildar höfðu t.d. í mörg horn að líta, en sjö umferðarhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar. Talsvert var um að ökutækjum væri illa og/eða ólöglega lagt í og við miðborgina og í einhverjum tilvikum þurfti að fjarlægja ökutæki af vettvangi með dráttarbil. Sumir ökumenn áttu líka erfitt með að virða lokanir gatna. Að öllu samanlögðu verður þó ekki annað sagt en að umferðin hafi gengið bara nokkuð vel. Eins og venjulega naut lögreglan aðstoðar ýmissa aðila á menningarnótt, m.a. björgunarsveitarmanna.

Tíu líkamsárásir í miðborginni voru tilkynntar til lögreglunnar á menningarnótt. Þær voru nær allar minni háttar og mestmegnis voru þetta þústrar. Í nokkrum tilfellum fengu árásarpolar áverka á höfði, m.a. eftir að hent hafði verið í þá glasi eða flösku. Í einu líkamsárásarmálanna var um misskilning að ræða að sögn ónefnds árásarmanns. Sá hafði ætlað að gefa tilteknum manni kjaftshögg en svo óheppilega vildi til að höggið geigaði og hafnaði á öðrum manni, sem var víst á röngum stað á röngum tíma! Nokkur fíkniefnamál komu líka til kasta lögreglunnar, en auk fíkniefna reyndist einn gestur á menningarnótt hafa raflostbyssu í fórum sínum.

Þegar leið á menningarnótt varð ástand gesta í miðborginni ansi misjafnt. Það átti t.d. við um karl um fertugt, en sá var laminn með glasi á skemmtistað. Maðurinn var blóðugur eftir árásina og var fluttur með sjúkrabil á slysadeild. Sá slasaði komst hins vegar ekki undir læknishendur því á leiðinni stökk hann út úr sjúkrabilnum. Þetta átti sér stað á fjölförnum gatnamótum, en þrátt fyrir leit fannst maðurinn ekki aftur. Klukkutíma eftir þetta var óskað eftir aðstoð lögreglu á skemmtistað í miðborginni, en þá hafði fyrmefndur maður snúið þangað aftur. Enn á ný var honum komið í sjúkrabil og í þetta skiptið tókst að koma manningnum á leiðarenda þar sem hægt var að gera að sárum hans.



16. maí

NAMMIGRÍSIR HANDTEKNIR

Tveir nammigrísir voru handteknir í miðborginni í gær en þeir stálu sælgæti úr ónefndri verslun. Eftir að þjófarnir höfðu stungið sælgætinu inn á sig mættu þeir lögreglunni nánast við inngang verslunarinnar. Hinir síðarnefndu voru óeinkensklaeddir en þeir þekktu annan mannanna vegna fyrri afskipti og sáu jafnframt að viðkomandi var með eitthvað innan klæða. Sá hinn sami á það til að vera ansi fingralangur, eins og stundum er sagt og virðist eiga erfitt með að láta af þessari iðju. Sælgætinu var skilað óskemmdu aftur til kaupmannsins.

lrh.is

Óvenjuleg verkefni

Dýr af ýmsum stærðum og gerðum komu við sögu hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2012. Líkt og áður var lagt hald á allnokkra kornsnáka, en þeir eru yfirleitt um metri að lengd. Í júní fannst loðdýr af marðarætt við húsleit í umdæminu, en dýrinu var smyglað hingað til lands með Norrænu. Eigandi marðarins hugðist halda honum sem gæludýri. Nokkrum vikum seinna sást til sporðdreka á höfuðborgarsvæðinu, en hann var handsamaður og fékk viðeigandi meðferð. Sporðdrekar eru sjaldgæfir hér á landi, en líklegt þykir að þessi hafi borist hingað með erlendum ferðamönnum.

Allmörgum sinnum var lögreglan kölluð að hafnarsvæðum vegna manna, sem reyndu að taka sér far með skipum til útlanda. Sumir þeirra voru ítrekað gripnir við þessa iðju, en um var að ræða svokallaða hælisleitendur. Hinir sömu lögðu mikið á sig til að komast

ÖRLÖG KANÍNU

Tilkynnt var um dauða kanínu til lögreglunnar í gær. Jafnframt kom fram að kanínan væri brunnin og vöknðu óhjákvæmilega spurningar um illa meðferð á dýrinu. Fjallað var um málið í Fréttablaðinu í dag og ennfremur um fáleg viðbrögð lögreglu við tilkynningunni. Vegna þessa skal tekið fram að mjög óljósar upplýsingar lágu fyrir um vettvang og voru tilkynnendur, sem voru börn í þessu tilviki, beðnir um frekari upplýsingar að höfðu samráði við foreldra sína.

Eftir að málið hafði tekið á sig skýra mynd hittu lögreglumenn börnin og forráðamann þeirra og var vísað á staðinn þar sem kanínuna var að finna. Á vettvangi var einnig brunnin kofi, sem ætla má að kanínan hafi verið í. Bæði henni og kofanum var fargað. Nokkru síðar hafði maður samband við lögreglu og upplýsti að hann hefði kveikt í kofanum með kanínuna innanborðs. Maðurinn tók hins vegar alveg skýrt fram að hún hefði verið dauð áður en hann bar eld að kofanum og hefði dauða kanínunnar borið að með eðlilegum hætti. Lögreglan telur ekki ástæðu til að rengja frásögn mannsins en hann var mjög miður sín vegna málsins. Maðurinn gat þess ennfremur að hann hefði alltaf ætlað sér að urða bæði kofann og hræið en því verki hefði því miður bara verið rétt ólokið þegar börnin komu að og þótti honum það afar leitt.

lh.is

óséðir um borð og máttu starfsmenn skipafélaganna hafa sig alla við. Á lögreglustöðina komu líka fjölmargir einstaklingar sem leituðu hælís á Íslandi. Lætur nærri að erindi af þessu tagi hafi verið nálægt fimmtíu. Í júlí og nóvember bönkuðu upp á samtals 20 menn vegna þessa, en enginn mánuður ársins leið án þess að einhver kæmi á lögreglustöðina og óskaði hælís hér á landi.

Skemmdarverk á biðskýlum strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu eru ekki ný af nálinni og lögreglan er stundum kölluð út vegna þessa. Einu útkalli af því taginu var sinnt í ágúst, en þá var hringt í lögregluna vegna manns sem var sagður vera að rústa biðskýli við Miklubraut. Lögreglan var fljót á staðinn og hitti þar fyrir tæplega þrítugan karl, en sá játaði að hafa unnið skemmdir á tímatöflu, sem er á staur við biðskýlið. Spurður um athæfið sagði maðurinn að hann hefði misst af strætó og því brugðist svona við. Skemmdarvargurinn bætti við að strætisvagninn, sem hann ætlaði að ferðast með, hefði verið á undan áætlun og það væru óviðunandi vinnubrögð. Skýrsla var gerð um málið, en maðurinn, sem notaði hjólabretti til að berja á tímatöflunni, lofaði að borga tjónið sem hann olli.

Lögreglan fer stundum í útköll sem síðan reynast á misskilningi byggð. Dæmi um það er tilkynning sem barst einn kaldan dag í janúar, en maður var þá sagður vera hreyfingarlaus á bekk við suðurenda Reykjavíkurtjarnar. Lögreglan brást skjótt við enda allt eins víst að maðurinn væri í bráðri hættu. Á vettvangi var sannarlega að finna hreyfingarlausan mann á bekk og reyndist það vera hinn velþekkti Tómas Guðmundsson. Reyndar var það ekki Tómas sjálfur heldur stytta af þessu merkilega ljóðskáldi! Þegar þetta lá ljóst fyrir héldu lögreglumennirnir til annarra verka, en það skal samt áréttað að það er betra að hringja einu sinni of oft í lögregluna en einu sinni of sjaldan.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

30,000 likes · 4,149 talking about this · 433 were here

Like

Message



10. maí

BROTID GEGN

LÖGREGLUSAMPYKKT

Ástin fær fólk til að gera furðulegustu hluti og stundum leggur það sig í hættu hennar vegna. Þannig var um mann sem fór til fundar við gamla kærustu í ónefndri blokk eina nóttina. Vonbiðillinn lét ógert að hringja dyrabjöllunni en klifraði þess í stað upp á svalir íbúðar á þriðju hæð og barði þar í rúðuna. Heimilisfólkið vaknaði við lætin og sá manninn á svölunum. Honum var ekki boðið til stofu enda kannaðist enginn á heimilinu við gömlu kærustuna né hinn óboðna nátttrafn. Maðurinn fór því aftur sömu leið og hann kom og gekk síðan nánast í flasið á lögreglunni. Ekki raskaði hann næturro fleiri manna þessa nótt en engum frekari sögum fer af endurfundum mannsins og gömlu kærustunnar.

lrh.is



Lögreglan og samfélagsmiðlar

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt áfram að láta til sín taka á samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter svo eftir var tekið. Embættið fékk svokölluð Nexpo-verðlaun, en Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þótti vera áhrifamesta fyrirtækið á samskiptamiðlum árið 2012. Framgangin vakti líka athygli erlendis, en embættið var tilnefnt til alþjóðlegra verðlauna (Connected Cops Awards) fyrir notkun á samfélagsmiðlum í þágu löggæslu. Þúsundir fylgdust með lögreglunni á Facebook, en árið 2012 fjölgaði vinum hennar sem aldrei fyrr. Í árslok 2012 voru vinir Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á Facebook orðnir rúmlega 30 þúsund og hafði vinafjöldinn þá meira en tvöfaldast á einu ári. Erfitt er að útskýra hvað veldur vinsældunum, en ætla má að um sé að ræða samspil nokkurra þátta. Sjálfsagt vegur þungt sú áhersla lögreglunnar að svara fljótt þeim fyrirspurnum sem henni berast á þessum vettvangi, en það kunna borgararnir vel meta. Eftir því sem fleiri fylgjast með lögreglunni á Facebook hefur einkaskilaboðum til hennar fjölgað mikið. Oft er um að ræða hjálplegar upplýsingar sem nýtast við rannsóknir mála.

Eitt af hlutverkum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er að miðla upplýsingum til almennings. Upplýsingamiðlun þarf að vera skilvirk, en þar hefur Facebook þegar sannað gildi sitt. Myndbirtingar á Facebook eru dæmi um það, en í kjölfar þeirra hafa embættinu iðulega borist fjölmargar ábendingar í tengslum við rannsóknir mála. Gera má ráð fyrir að í einhverjum tilvikum hefðu mál jafnvel ekki verið upplýst án aðstoðar Facebook. Þrátt fyrir mikilvægi samfélagsmiðlanna má ekki gleyma lögregluvefnum, en á honum er að finna ógrynni gagnlegra upplýsinga um Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.



15. júní

NÁUNGAKÆRLEIKUR

Því miður gengur ekki öllum jafnvel að lifa í sátt og samlyndi við nágranna sína. Þessa dagana er lögreglan annað slagið að sinna útköllum, sem kalla má árstíðabundin. Þetta snýr m.a. að garðslætti en almenna reglan er sú að óviðeigandi er slá blettinn mjög snemma á morgnana eða seint á kvöldin. Garðsláttur að næturlagi er sömuleiðis afleit hugmynd og pottþétt að slíkt endar með afskiptum lögreglu, eins og raunin varð á í Kópavogi á dögunum. Það er líka óskynsamlegt að fara í annarra manna garða og saga niður tré, jafnvel þótt manni finnist þau skyggja á sólina, sem ætti að skína í manns eigin garði en þannig mál kom upp í Háaleitishverfi fyrir ekki ýkja löngu.

Furðuvel gengur samt að sjatta málin á vettvangi en á því eru vissulega undantekningar. Ágreiningur tengist oft brólti fólks að næturlagi en stundum er fótavistin algerlega nauðsynleg, t.d. þegar náttúran kallar. Að pissa í klósettið á nóttunni er auðvitað ekki lögreglumál en verður það þegar nágranninn hringir í 112 og kvartar yfir því að næturró hans sé raskað þar sem klósettsetunni á efri hæðinni, eða neðri hæðinni ef því er skipta, var lokað svo harkalega að ónæði hlaust af. Eins og gefur að skilja getur sönnunarbyrðin verið dálítið flókin í þessum tilvikum en lögreglumenn á vettvangi

Hverfa- og svæðafundir

Árleg fundaherferð Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu með lykilmál á öllum svæðum í umdæminu hófst í nóvember og stóð yfir í nokkrar vikur. Haldnir voru fjórtán fundir víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og voru þeir lögreglunni mjög gagnlegir. Ekki var annað að heyra en fundarmenn væru sömuleiðis ánægðir með að hitta lögregluna, en fyrirkomulag fundanna hefur verið óbreytt um nokkurra ára skeið og gefist ágætlega. Sú nýbreytni var tekin upp þetta árið að senda nokkra fundanna út í beinni útsendingu á Netinu og gafst það ágætlega. Útsendingarnar voru gerðar í tilraunaskyni, en embættið var að prófa sig áfram með ýmislegt sem snýr að miðlun upplýsinga. Hugur lögreglunnar stendur til að fjölga beinum útsendingum frá hverfa- og svæðafundum hennar á höfuðborgarsvæðinu

Eins og áður var farið ítarlega yfir þróun brota á hverju svæði fyrir sig og birtar upplýsingar um tölfræði. Jafnframt voru kynntar niðurstöður úr netkönnun, sem var framkvæmd í sumarbyrjun. Reynsla íbúa höfuðborgarsvæðisins af lögreglu, öryggi og afbrotum, var yfirskrift hennar, en margt áhugavert kom fram í könnuninni. Umræður á fundunum voru oft líflegar enda ýmislegt sem brennur á fólki. Eins og vænta mátti voru umferðarmál fyrirferðarmikil sem og innbrot í heimahús. Það var því ánægjulegt að greina fólki frá þeirri staðreynd að bæði umferðarslys og innbrotum í heimahús fækkaði á höfuðborgarsvæðinu árið 2012. Auk þessa var töluvert rætt um nágrannavörslu, forvarnir og málefni barna og unglinga, en ágætlega var mætt á marga hverfa- og svæðafundina.


reyna alltaf sitt besta svo allir skilji sáttir. Lögreglan sinni þessháttar útkalli í úthverfi á dögnum en þar var um mikinn ágreining nággranna að ræða. Lögreglumenn reyndu hvað þeir gátu að leiðbeina um hvernig mögulega væri hægt að gera klósettferðina hjóðlátari og hurfu síðan til annarra verka. Engum sögum fer af því hvort leiðbeiningar þeirra báru árangur.

lrh.is

Eitt og annað

Í ársbyrjun var opnuð ný lögreglustöð á Gensásvegi 9 í Reykjavík, en þaðan er sinnt verkefnum austan Snorrabrautar að Elliðaám. Þar með voru lögreglustöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu orðnar fimm, en á nýju stöðinni ganga lögreglumenn vaktir allan sólarhringinn. Á lögreglustöðinni er enn fremur sérstakt rannsóknarsvið, rétt eins og á öðrum lögreglustöðvum embættisins. Í húsnæði lögreglunnar á Gensásvegi 9 er aðbúnaður til fyrirmyndar og voru lögreglumenn hæstánægðir með vistarverurnar. Almennum fyrirspurnum og upplýsingum til lögreglumanna á nýju stöðinni er hægt að koma á framfæri í síma 444-1828 á skrifstofutíma.

Lögreglumenn eiga á öllu von í sínu vandasama starfi. Ofbeldi er þar ekki undanskilið, en árið 2012 voru skráð rúmlega 60 ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum hjá embættinu. Þetta eru ívið fleiri brot en undanfarin ár, að undanskildu árinu 2009, en þá voru skráð 70 ofbeldisbrot. Brotin voru af ýmsu tagi og áttu sér stað við misjafnar aðstæður. Í maí var lögreglumaður sleginn í höfuðið á lögreglustöð, en sá sem það gerði, karl á þrítugsaldri, hefur ítrekað komið við sögu hjá lögreglu. Karl á fertugsaldri, sem einnig er góðkunningi lögreglunnar, hótaði lögreglumanni ítrekað lífláti í mars. Sami maður var haldi lögreglu í febrúar og braut þá rúðu sem aðskilur fangagang og salernisaðstöðu. Við það fór glerbrot í auga lögreglumanns og þurfti sá að gangast undir aðgerð, en viðkomandi var frá vinnu um tíma af þeim sökum.



7. september

FÁKLÆDDUR Á REIÐHJÓLI

Í fyrrinótt var tilkynnt um klæðalítinn, erlendan ferðamann í Langholtshverfinu og sagt að hann hefði orðið fyrir barðinu á ræningjum. Staðhæfingin um ránið reyndist ekki á rökum reist en upplýsingarnar um fataleysið stóðust. Maðurinn, karl á miðjum aldri, var aðeins í nærfötum og því ekki búinn til útivistar. Hann var blóðugur þegar að var komið en áverka hafði maðurinn fengið þegar hann datt af reiðhjólí, sem hann tók til handargagns í miðborginni og hjólaði á því í austurborgina. Lögreglan tók hjólið í sína vörslu og ók ferðamanninum, sem var ölvaður, á gististað hans í miðborginni. Hinn erlendi gestur, sem á nú yfir höfði sér 5.000 kr. sekt fyrir að hjóla fullur, var beðinn um að vera betur klæddur það sem eftirlífi Íslandsdvalarinnar.

lh.is

Lögreglan nýtur mikils trausts hjá almenningi, en um það mátti m.a. lesa í Þjóðarpúlsi Gallup í mars. Spurt var um traust til fimmtán stofnana samfélagsins, en 83% aðspurðra sögðust treysta lögreglunni. Var það besta útkoman sem hún hefur fengið frá því að Gallup hóf að kanna traust til stofnana fyrir allmörgum árum. Traust almennings til lögreglunnar hefur raunar aldrei verið meira en undanfarin ár og mælst um 80%. Niðurstaðan árið 2012 var enn betri og það var lögreglunni mikið ánægjuefni.

Fangageymsla lögreglunnar á Hverfisgötu í Reykjavík var tekin í notkun árið 1970 og þar hafa margir gist eina nótt eða svo í gegnum árin. Eitt og annað hefur þurft að lagfæra í fangageymslunni í gegnum tíðina enda eiga gestirnir það til að láta ófriðlega. Árið 2012 voru gerðar verulegar endurbætur á fangageymslunni, svo að hún gæti sem best þjónað hlutverki sínu. Þegar framkvæmdum lauk í árslok þótti ekki annað við hæfi en að minnast þeirra tímamóta með því að klippa á borða, enda var fangageymslan orðin eins og ný. Þrátt fyrir aðstöðuna er það einlæg ósk lögreglunnar að sem fæstir þurfi að gista í fangageymslunni.

Fyrir nokkrum árum voru vændiskaup gerð refsiverð í ákvæði laganna, og nú koma slík mál reglulega til rannsóknar hjá embættinu. Árið 2012 voru tugir vændiskaupenda yfirheyrðir eða kallaðir til skýrslutöku hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á seinni hluta ársins. Það var gert samhliða því að embættið, í samstarfi við fleiri lögreglulið, lagði sig fram um að kortleggja vændisstarfsemi eins og hún birtist á Netinu. Rætt var við allnokkrar vændiskonur, bæði íslenskar og erlendar, en mál þeirra voru m.a. skoðuð m.t.t. mansals. Vændiskaupendurnir voru karlar á öllum aldri og viðurkenndu flestir þeirra brot sín.



REKSTUR

Rekstur Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var með sama hætti og undanfarin ár. Krafan um niðurskurð var enn til staðar árið 2012, en að þessu sinni var hún 47 m. kr., eða 1,3%. Áætlun embættisins, um að rekstur innan ársins yrði í jafnvægi þrátt fyrir áðurnefndan niðurskurð, gekk hins vegar ekki eftir. Auknum kostnaði við rekstur ökutækja var þar einkum um að kenna. Bráðabirgðauppgjör gerði ráð fyrir um 45 m. kr. halla. Uppsafnaður rekstrarhalli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hækkaði sem því nam, eða í um 118 m. kr. Frávik frá endurskoðaðri áætlun embættisins var því 1,3%. Tekið skal fram að í henni var gert ráð fyrir aukinni fjárveitingu, 35 m. kr., vegna átaks gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Að draga úr kostnaði var ekki nýtt verkefni fyrir Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Frá ársbyrjun 2009 til ársloka 2012 mátti hún þola niðurskurð fjárheimilda um 600 m. kr.*, eða 15%. Jafnframt fékk embættið ekki bættan kostnað sem til féll vegna mótmæla í kjölfar efnahagshrunsins. Þar var um að ræða a.m.k. 50 m. kr. Enn fremur hækkaði verð á eldsneyti umfram verðlagsforsendur fjárlaga á áðurnefndu tímabili. Útgjöld af þessu tagi gerðu embættinu erfitt með að láta enda ná saman.

Engu að síður hefur rekstarkostnaður Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu lækkað ár frá ári, að undanskildu fyrsta starfsári embættisins 2007. Kostnaðurinn nú er um 17% lægri á hverju ári í samanburði við löggæslukostnað höfuðborgarsvæðisins árið 2006*. Þá voru þrjú lögreglulið starfandi í umdæminu, en þau voru sameinuð í eitt í ársbyrjun 2007.

*Á verðlagi ársins 2012.


Tafla 1 - Rekstur ársins 2012 - fjárhæðir í þ.kr.

	Áætlun	Endursk. áætl.	Bráðabirgðauppgjör
Rekstur	3.450.504	3.485.510	3.530.609
Fjárheimildir	3.450.700	3.485.700	3.485.700
Mism.	196	190	(44.909)
Eigið fé 31.12.11	(73.276)	(72.840)	(72.840)
Rekstrarniðurstaða (eigið fé 31.12.12)	(73.080)	(72.650)	(117.749)
Frávik m.v. fjárheimildir	-2,2%	-2,1%	-3,5%



Tafla 2 - Bráðabirgðauppgjör árið 2012 í (þ.kr.)

	2012	2011
Tekjur		
Sértekjur	61.063	61.080
	<u>61.063</u>	<u>61.080</u>
Gjöld		
Launakostnaður	2.947.163	2.783.935
Ferðir o.fl.	40.029	37.220
Rekstur	83.949	90.533
Þjónusta	152.695	153.707
Húsnæði	153.675	136.741
Bifreiðar	194.196	160.318
Skattar, fjármagnskostn.	572	1.906
Tilfærslur	1.218	1.702
	<u>3.573.498</u>	<u>3.366.062</u>
Eignakaup	18.174	42.456
	<u>3.591.672</u>	<u>3.408.519</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(3.530.609)	(3.347.439)
Ríkisframlag	3.485.700	3.319.300
Tekjuafgangur (tekjuhalli) tímabils	<u>(44.909)</u>	<u>(28.139)</u>
Skipting rekstrarkostnaðar		
	2012	%
Laun	2.947.163	82%
Annar rekstrarkostnaður	644.508	18%
	3.591.672	100,00%




Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar 2012



Ársskýrsla 2012

- LR/Kóp/HF - gjöld umfram sértekjur fyrir sameiningu
- 20 m.kr. hagræði bætt við v/fl. vegabréfaafgreiðslu til sýslum. Kóp.
- LRH - gjöld umfram sértekjur eftir sameiningu
- 35 m.kr. v/skipul. brotastarfsemi dregnar frá (sérstök fjárveiting)
- 60 m.kr launaskerðing bætt við, ekki hluti af hagræði í kjölfar sameiningar, gekk að hluta til baka 2011




Mynd 2. Útgjöld fyrir og eftir sameiningu löggæslu á höfuðb.sv. á meðalverðlagi ársins 2012

Kostnaður jókst í upphafi sameiningar, en lækkaði svo ár frá ári til 2011.

Sameiningarkostnaðurinn er einskiptiskostnaður, en kostnaðarhagræðið er til framtíðar.

- 35 m.kr. útgjaldaaukning v/skipul. brotastarfsemi tekin út (sérstök fjárveiting)
- Hrein kostnaðarlækkun m.kr.
- 20 m.kr. hagræði v/fl. vegabréfaafgreiðslu til sýslum. Kóp
- Hrein kostnaðarlækkun %
- 60 m.kr launaskerðing tekin út ekki hluti af hagræði í kjölfar sameiningar, gekk að hluta til baka 2011



Mynd 3. Kostnaðarbreytingar á ári á meðalverðlagi ársins 2012

Hagræðing sýnd einnig sem hlutfall löggæsluútgjalda embættanna þriggja árið 2006 á verðlagi ársins 2012. Arðsemi breytinganna er um 105% miðað við 270 m.kr. breytinga-kostnað í upphafi og ef reiknað er með 600 m.kr. hagræði á ári eftir 2012 (sem er minna en þegar er orðið) til ársins 2015.

Tafla 3 - Útsend sektarboð og sektargerðir árið 2012

	Sektarboð	Sektargerð
Útsend	6.738	1.985
Greidd	6.147	760
Í dómsmeðferð	88	0

Tafla 4 - Fjöldi lögreglumenntaðra starfsmanna og annarra starfsmanna í lok janúar 2013 eftir skipulagseiningum

	Borgaralegir starfsmenn	Lögreglumenn	Alls
Fjármála- og þjónustudeild	41	11	52
Innri endurskoðun	0	2	2
Löggæslusvið	9	220	229
Aðgerða og skipulagsd.	0	3	3
Almenn löggæsla	5	200	205
Stoðeildir	4	17	21
Rannsóknar- og ákærusvið	19	46	65
Ákærusvið	17	2	19
Rannsóknarsvið	2	44	46
Skrifstofa lögreglustjóra	1	0	1
Mannauðsdeild	5	0	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	5	2	7
Yfirstjórn	5	3	8
Samtals við störf	85	284	369
Nemar	0	0	0
Veikindi	0	12	12
Fæðingarorlof	1	7	8
Alls starfsmenn	86	303	389

Tafla 5 - Fjöldi starfsmanna í lok janúar 2013 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	18	34	52
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	194	35	229
Aðgerða og skipulagsd.	3	0	3
Almenn löggæsla	172	33	205
Stoðdeildir	19	2	21
Rannsóknar- og ákærusvið	47	18	65
Ákærusvið	9	10	19
Rannsóknarsvið	38	8	46
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Mannauðsdeild	1	4	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	4	3	7
Yfirstjórn	6	2	8
Samtals við störf	272	97	369
Nemar	0	0	0
Veikindi	8	4	12
Fæðingarorlof	2	6	8
Alls starfsmenn	282	107	389

Tafla 6 - Fjöldi lögreglumanna í lok janúar 2013 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	11	0	11
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	188	32	220
Aðgerða og skipulagsd.	3	0	3
Almenn löggæsla	169	31	200
Stoðdeildir	16	1	17
Rannsóknar- og ákærusvið	39	7	46
Ákærusvið	2	0	2
Rannsóknarsvið	37	7	44
Skrifstofa lögreglustjóra	0	0	0
Mannauðsdeild	0	0	0
Upplýsinga- og áætlanadeild	2	0	2
Yfirstjórn	3	0	3
Samtals við störf	245	39	284
Nemar	0	0	0
Veikindi	8	4	12
Fæðingarorlof	2	5	7
Alls starfsmenn	255	48	303

Tafla 7 - Fjöldi borgaralegra starfsmanna í lok janúar 2013 eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	7	34	41
Innri endurskoðun	0	0	0
Löggæslusvið	6	3	9
Aðgerða og skipulagsd.	0	0	0
Almenn löggæsla	3	2	5
Stoðeildir	3	1	4
Rannsóknar- og ákærusvið	8	11	19
Ákærusvið	7	10	17
Rannsóknarsvið	1	1	2
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Mannauðsdeild	1	4	5
Upplýsinga- og áætlanadeild	2	3	5
Yfirstjórn	3	2	5
Samtals við störf	27	58	85
Nemar	0	0	0
Veikindi	0	0	0
Fæðingarorlof	0	1	1
Alls starfsmenn	27	59	86

Tafla 8 - Lykiltölur starfsmannamála

Heildarfjöldi starfsmanna í lok janúar 2013	389
Fjöldi ársverka 2012	371,34
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	13%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	68%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda	6,24%
Starfsmannavelta* - lögregla	6%
Starfsmannavelta* - borgaralegir starfsmenn	15%
Fjöldi lögreglumanna í launalausum leyfi í árslok	9

*Starfsmannavelta að meðtöldum starfsmönnum sem hættu sökum aldurs





1203



LÖRZ





Tafla 9 - Handtökur og vistanir árið 2012

Handtökur	
Fjöldi handtaka	3.841
Fjöldi einstaklinga	2.472
Vistanir	
Fjöldi vistana	2.200
Fjöldi einstaklinga	1.326

Tafla 10 - Handtökur eftir mánuðum árið 2012

	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
Janúar	271	193
Febrúar	312	195
Mars	371	229
Apríl	327	223
Maí	370	238
Júní	338	207
Júlí	309	209
Ágúst	318	191
September	295	184
Október	309	196
Nóvember	288	189
Desember	333	218
Samtals	3.841	2.472

Tafla 11 - Handtökur eftir vikudögum árið 2012


	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
Mánudagur	381	225
Þriðjudagur	434	258
Miðvikudagur	424	258
Fimmtudagur	491	302
Föstudagur	471	274
Laugardagur	791	558
Sunnudagur	849	597
Samtals	3.841	2.472

Tafla 12 - Vistanir eftir mánuðum árið 2012

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
Janúar	181	125
Febrúar	192	113
Mars	266	155
Apríl	180	106
Maí	179	102
Júní	178	96
Júlí	170	113
Ágúst	170	97
September	157	93
Október	156	97
Nóvember	166	100
Desember	205	129
Samtals	2.200	1.326

Tafla 13 - Vistanir eftir vikudögum árið 2012

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
Mánudagur	245	137
Priðjudagur	282	168
Miðvikudagur	273	158
Fimmtudagur	298	170
Föstudagur	257	126
Laugardagur	409	273
Sunnudagur	436	294
Samtals	2.200	1.326



Mynd 4. Próun í fjölda handtaka og vistana 2008 - 2012



Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu - Hverfisgötu 113-115
150 Reykjavík - Sími: 444 1000 - Fax: 444 1015 - www.lrh.is
www.facebook.com/logreglan

Lögrelustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
150 Reykjavík

Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Vínlandsleið 2-4
113 Reykjavík

Dalvegi 18
201 Kópavogi

Flatahrauni 11
220 Hafnarfirði

Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112

